



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

80. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 29. ágúst 1983 kl. 5. e.h. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Áki Gränz, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingimundur Guðnason, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, Ægir Sigurðsson, kennari, og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta gerðist:

1. Tilkynningar:

- a) Sigríður Haraldsdóttir hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu skólans, og hóf hún störf 2. ágúst s.l. Valdís Tómasdóttir sem verið hefur þar verður stundakennari. Þakkaði skólameistari henni ágæt störf á skrifstofunni
- b) Eftirtaldir kennarar hafa verið skipaðir frá 1. ágúst 1983:
Guðni Kjartansson
Hjálmar Árnason
Sturlaugur Ólafsson.
- c) Lögð var fram frásögn af fundi skólameistaranna Gísla Friðgeirssonar, Jóns Böðvarssonar, Heimis Pálssonar og Ólafs Ásgeirssonar sem þeir sátu 11. mars s.l. í Reykjavík, með fulltrúum frá Iðnfræðsluráði. Sömu leiðis lá frammi aprílhefti fréttabréfs S.I.Í. Hvorttveggja fjallar um stöðu verknámsskólanna í framhaldsskólakerfinu. Velja þarf fulltrúa á Iðnþing, sem haldið verður í okt. n.k. Tilnefningu var frestað.
- d) Nemendafjöldi á haustönn 1983 getur orðið rösklega 520. Tölvugerðar stundaskrár eru að þessu sinni 497. Nýkomnar umsóknir sem kalla á handunnar töflur eru 47. Flugnemar verða 12. Venjulega bætast 10-20 við nemendahópinn á fyrstu skóladögunum, en hins vegar koma

ekki allir sem umsóknir sendu að vori. Töflugerð gekk betur nú en nokkru sinni fyrr. 440 nemar fá allar námsgreinar í vali inn á stundaskrár sínar. Hinir 57 missa úr eina grein úr aðalvali. Töflubreytingaóskir eru heimilar til 7. september.

e) Komnar eru út tvær kennslubækur í íslensku, sem kenndar verða í vetur í næstum öllum framhaldsskólum landsins. Málgerður heitir önnur, og eru höfundar Guðný Sigurgísladóttir og Halldís Ármannsdóttir, kennarar við Fjölbautaskólann í Breiðholti, og Aðalsteinn Davíðsson kennari við Menntaskólann við Sund. Hin bókin er Ritgerður eftir Baldur Sigurðsson og Hjálmar Árnason, kennara við Fjölbautaskóla Suðurnesja. Höfundar höfðu samvinnu við gerð bókanna, þannig að þær eru báðar notaðar samtímis í kennslu. Líklegt er vegna nemendafjölgunar að kennarar þurfi að dreifa sér á fleiri kennslustaði nú en áður, þannig verður kennt í 4 húsum eða 5. Leigja þarf húsnæði í Gagnfræðaskólanum í Keflavík, Aðventistaheimilinu við Blikabraut og verknámshús að Iðavöllum 3 fyrir rafiðnadeildina.

2. Á síðasta fundi skólanefndar, 22. ágúst s.l. var til meðferðar frumvarp skólameistara um "skiptingu stjórnunarstarfa" innan skólans, en var þá frestað, og vísað til nefndar til nánari yfirferðar, einkum vegna athugasemda Ægis Sigurðssonar kennara, en hann taldi frumvarpið ekki í samræmi við gildandi reglugerðir í einstökum atriðum og nánast ganga þvert

á þær hugmyndir um skólastjórn sem ráðandi hafa verið í kennaraliði skólans. Vildi Ægir sem minnst afskipti skólanefndar. Þau ættu alfarið að vera í höndum skólastjórnar og kennarafunda. Skólameistari sagði að í frumvarpinu væri ráð fyrir gert að skólastjórn hefði úrskurðarvald um inntöku nemenda og brottvísun, aðild að undirbúningi starfsdaga, námsbrautaskiptingu, umsagnaraðild um nýbyggingar og kaup á kennslutækjum, ráðningu deildarstjóra og aðstoðarskólameistara auk þess að hafa aðgang að öllum fundargerðum og skýrslum frá aðalstjórn skólans, ofl., ofl.

Tveir af nefndarmönnum, sem kosnir voru til að athuga frumvarpið, þeir Ómar og Hreinn gáfu nú skýrslu og kvaðst

Hreinn ekki hafa rekist á neitt í frumvarpinu sem stangaðist á við reglugerðarákvæði. Áki Gränz taldi málið eins og það lá fyrir vel upp byggt og ekki ástæðu til breytinga. Ómar kvað og skamman tíma héðan af til þess að gera við það breytingartillögur. Gunnar Sveinsson kvað nauðsyn á að hafa skýrar reglur um skiptingu stjórnunarstarfa án þess að til þyrfti að kalla fjölda manns. Reglur eru til þess að fylgja þeim. Fyrir fundinum lá bréf frá stjórn KFS., svohljóðandi:

"Fundur haldinn í stjórn KFS mánudaginn 29. ágúst 1983. Rætt var um stjórnunarfyrirkomulag innan skólans. Að gefnu tilefni óskar stjórn KFS að benda á að 31. gr. um stjórn skólans úr reglugerð um Flensborgarskólann í Hafnarfirði þar sem segir: Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skál jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólaráðs eða deildarstjórafundar....
Í samræmi við ofangreint telur stjórn KFS að umrætt mál varðandi stjórn skólans hafi ekki erindi á skólanefndarfundi.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar KFS
Þórunn Friðriksd., form."

Jón Böðvarsson skólameistari kvaðst hafa borið frumvarpið undir Árna Gunnarsson deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu og hann hafi ekkert haft við það að athuga ef ekki yrði kostnaðarauki af. Skólameistari taldi að öll mál skólans, fjármál sem annað ættu að vera í sínum höndum og til meðferðar í skólanefnd og kvaðst með öllu ófáanlegur til þess að fallast á sjónarmið Ágis, án þess þó að þar með væri sagt að ekki ætti að hafa samvinnu við kennara og nemendur um stjórn skólans. Skólameistari taldi verksvið skólastjórnar samkvæmt frumvarpinu viðtækara en tíðkanlegt er annars staðar í framhaldsskólum.

Frumvarpið var síðan samþykkt með 6 samhljóða atkvæðum. Ingimundur hafði þó þann fyrirvara að nýskipanin bryti ekki í bága við lög eða bindandi reglugerðir um skólann. Fylgir það hér með. (Auk þess er það úr nýjasta "Blaði")

3. Skólameistari fjallaði um nauðsynlega hagnýtingu tölvutækni við kennslu í skólum hér að Suðurnesjum, sbr. fundargerð síðasta fundar (22/8'83). Benti hann á að lítið gagn væri að "tölvubyltingu" ef enginn hefði nægjanlega þekkingu til að hagnýta ný tæki. Til þess þyrfti að velja mann til leiðsagnar eins og þegar hefði verið bent á. Skólanefnd samþykkti að fæla skólameistara, aðstoðarskólameistara og Hreini Ásgrímssyni að yfirfara málið á ný, og leita jafnframt eftir því við menntamálaráðuneytið að það veiti kennara afslátt í kennsluskyldu til þess að skipuleggja þróun og kennslu í tölvufræðum í grunnskólum á Suðurnesjum og í fjölbrautaskólanum.
4. Aðstoðarskólameistari flutti bráðabirgðaskýrslu um leigumál íþróttahússins, og benti á að kanna þyrfti málið miklu nánar.
5. Lítillega var rætt um leiguaðstöðu í gagnfræðaskólanum og hugsanlega breytingu á dyrskipan þar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson.

Fremming um skipting skólanarstarfs.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

SKÓLAMEISTARI

hefur yfirumsjón með öllum þáttum skólastarfsins;

en aðrir starfsmenn skólans fara í umboði hans með þá stjórnunarþætti sem tilgreindir eru í starfslýsingum sem hér fara á eftir

mótar stefnu og starfshætti skólans í samráði við menntamála-ráðuneyti, skólanefnd og aðra stjórnendur eða starfsmenn skólans eftir því sem við á hverju sinni

kemur fram fyrir hönd skólans og annast því öll samskipti við opinbera aðila s.s. ráðuneyti, sveitarstjórnir, aðra skóla og sérstofnanir (t.d. Iðnfraðsluráð) nema annað sé fram tekið

setur skóla, slítur honum og áritar öll lokaprófskírteini

sér um kennararáðningar í samráði við skólanefnd og ræður aðra fasta starfsmenn s.s. reikningshaldara, fulltrúa, bóka-vörð og húsvörð - nema annað sé fram tekið

velur áfangastjóra, skólaráðgjafa og deildarstjóra úr hópi fastra kennara við skólann til tveggja ára í senn

hefur yfirumsjón með skrifstofu, fjölritunarstofu, bókasafni og skjalasafni

fer með stjórn allra skipulagsmála og stofnfjárframkvæmda - og alla fjármálastjórnun í samráði við skólanefnd og reikningshaldara

stjórnar kennarafundum, skólastjórnarfundum og fundum skólastjórnenda

sér um útgáfu skólaskýrslu

hefur úrskurðarvald komi upp meiriháttar deilumál í skólanum



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

ADSTODARSKÓLAMEISTARI

- er staðgengill skólameistara og gegnir því störfum hans í forföllum

og fer auk þess með eftirtalda starfspætti:

- hefur umsjón með húsum skólans og notkun þeirra til kennslu og félagsstarfa
- sér um viðhald á húsum og húsakynnum
- stjórnar öldungadeild, meistaraskóla- og námskeiðum í samráði við deildarstjóra
- annast prófstjórn
- semur "almanak" annar í samráði við félagsmálaráðgjafa. námsráðgjafa og stjórn NFS
- stjórnar fundum skólaráðs
- skipuleggur og undirbýr vikulega fundi skólastjórnenda
- hefur í samráði við áfangastjóra úrskurðarvald varðandi kennsluskiptingu og stundaskrárgerð
- hefur af skólans hálfu umsjón með félagsmálum og félagsaðstöðu nemenda (bóksölu, mötuneyti, húsnæðisaðstöðu o.fl.)
- sér um námsstyrkjamál (dreifbýlisstyrk)
- sér um nýskráningu - bæði í dagskóla og öldungadeild, og innheimtu innritunargjalda, efnisgjalda og þátttökugjalda í námskeiðum með aðstoð reikningshaldara
- sér um skólaakstur
- hefur umsjón með íþróttamálum, heilsugæslumálum og tónlistarmálum, m.a. skólakórnum
- hefur fasta viðtalstíma árdegis þrisvar í viku
- starfsmenn sem vinna undir beinni stjórn aðstoðarskólameistara eru: húsvörður, félagsmálastjóri og starfsmenn við ræstingu og matseld



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

ÁFANGASTJÓRI

fer með eftirtalin mál í umboði skólameistara

- hefur umsjón með öllum verkliðum áfnagakerfisins s.s. vali, breytingum á vali, p-áföngum, einkunnaferlsum og námsferilsskráningu
- úrskurðar um allar undanþágubeiðnir nemenda varðandi nám þeirra í samráði við skólaráðgjafa
- sér um alla prófskírteinagerð
- sér um gerð nemendaskrár fyrir Hagstofu Íslands (Hjalta)
- sér um launaskýrslugerð í samráði við trúnaðarmann kennara
- er sambandsaðili skólastjórnenda við HÍK og launa-deild fjármálaráðuneytis
- hefur í samráði við aðstoðarskólameistara úrskurðar-vald varðandi kennsluskiptingu og stundaskrárgerð
- hefur umsjón með allri töflvvinnslu gagna, - og því sambandsaðili skólans við tölvudeild Sparisjóðsins í Keflavík og aðra tölvuþjónustuaðila
- hefur að skólans hálfu umsjón með útgáfu NÁMSVÍSIS fjölbrautaskóla
- hefur yfirumsjón með töflusmiði og ræður töflusmiði ef þörf krefur.
- hefur fastan viðtalstíma tvisvar í viku, 1-2 kennslu stundir í senn



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

SKÓLARÁÐGJAFI

fer með eftirtalda málaflokka í umboði skólameistara

leiðbeinir nemendum varðandi námsbrautaval

veitir upplýsingar um framhaldsnám og aðra skóla og varð-

veitir gögn í eigu skólans varðandi slík mál

annast námsmat

er formaður bókasafnsnefndar

vinnur að hvers kyns námshagræðingu

(t.d. samræmingu varðandi ritgerðarsmíði í samráði við deildarstjóra)

skipuleggur starfsdaga og önnur frávik frá hefðbundinni

stundaskrá í samráði við deildarstjóra og starfsnefndir

sér um útgáfu bókalista og BLADSINS

skipuleggur umsjónartíma í samráði við aðra skólastjórnendur

hefur ásamt deildarstjórum eftirlit með gerð og fram-

kvæmd námsáætlana í því skyni að námsval nemenda

á hverri önn stefni að ákveðnum námslokum

hefur af skólans hálfu samband við skólaráðgjafa á

grunnskólastigi á skólasvæðinu

hefur umsjón með fjarvistarbókhaldi samkvæmt reglum þar

að lútandi

sér um samningu og gerð námsvottorða og umsagnarbréfa

er ritari á kennarafundum og fundum skólastjórnenda



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

AÐALDEILDARSTJÓRAR

hafa með höndum eftirtalin stjórnunarstörf í umboði skólameistara

hafa umsjón með öllum tækja- og efniskaupum í samráði við reikningshaldara og skólameistara ef um meiriháttar kaup er að ræða ; Öll innkaup eru óheimil nema samkvæmt beiðnum undirrituðum af aðaldeildarstjórum, reikningshaldara eða skólameistara

sjá um tækjavörslu og umsjón með sérstofum

ráða undirdeildarstjóra, tækjavörslumenn og umsjónarmenn með sérstofum í samráði við skólameistara eða áfanga stjóra

ákvarða kennsluskiptingu milli fastra kennara í samráði við aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, og eru skólameistara til ráðuneytis við val stundakennara

sjá um að gerðar séu námáætlanir í öllum námsgreinum og áföngum og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra

aðstoða skólaráðgjafa við námsmat og hvers kyns námshagræðingu

sitja vikulega fundi skólastjórnenda

halda fundi með kennurum sem þeir hafa stjórnunarumsjón með

hafa fasta viðtalstíma þrisvar í viku, 1-2 kennslustundir í senn



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

FUNDIR SKÓLASTJÓRNENDA

- eru haldnir vikulega undir stjórn skólameistara eða aðstoðarskólameistara í forföllum hans.

Aðstoðarskólameistari undirbýr fundina.

Skólaráðgjafi ritar fundargerðir eða áfangastjóri í forföllum hans. Fundarstjóri tilnefndir fundarritara ef báðir eru fjarstaddir.

Fundina skulu sitja:

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, skólaráðgjafi og aðaldeildarstjórnarnir fjórir.

Fulltrúa frá Kennarafélagi og NFS er heimil fundarseta.

Aðalefni fundanna er upplýsingamiðlun og ákvarðanataka í málum sem ekki heyra beint undir ákveðinn stjórnanda. Þangað skal og vísa vafamálum og ágreiningsmálum ef upp koma.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

REIKNINGSHALDARI

annast eftirtalda starfspætti undir stjórn skólameistara

sér um fjárreiður allar er falla undir almennan rekstur
þ.e. innheimtu rekstrar- og stofnfjár frá ríkissjóði
og sveitarfélögum, greiðslu reikninga og bókhald

sér um innheimtu innritunargjalda í dagskóla, öldungadeild,
meistaraskóla og á námskeiðum á vegum skólans undir
stjórn aðstoðarskólameistara

annast gerð og hefur eftirlit með framkvæmd samninga vegna
skólaaksturs og leiguhúsnæðis, kaupa á stofnbúnaði og
rekstrarvörum

semur um og innheimtir leigu fyrir afnot af húsnæði skólans

hefur af skólans hálfu samskipti við fjármála- og áætlana-
deild menntamálaráðuneytis og ríkisbókhaldara

sér um gerð fjárhagsáætlunar fyrir skólann og fjárlaga-
undirbúning ásamt skólanefnd

gerir ársreikninga skólans

á sæti í stjórn bókasafns og fjölritunarstofu

er ritari skólanefndar



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

SKÓLASTJÓRN

- semur "almanak" annar í samráði við aðstoðarskólameistara, félagsráðgjafa og stjórn Nemendaráðs
- undirbýr starfsdaga og sér um framkvæmd þeirra í samráði við skólaráðgjafa
- setur reglur um framkvæmd fjarvistabókhalds og úrskurðar um öll atriði varðandi framkvæmd þess, t.d. gildi vottorða
- er umsagnaraðili varðandi námsbrautaskipan og hvers kyns skipulagsatriði varðandi framkvæmd náms
- hefur úrskurðarvald varðandi inntöku nema í skólann og brottrekstrarmál
- hefur aðgang að öllum fundargerðum og skýrslum frá stjórnaraðilum skólans
- semur próftöflu í samráði við aðstoðarskólameistara
- er umsagnaraðili varðandi húsbyggingamál, kaup, staðsetningu og notkun á kennslubúnaði
- er umsagnaraðili varðandi ráðningu á deildarstjórum, námsráðgjafa, áfangastjóra og aðstoðarskólameistara

FRÁSAGA

Fundur með skólameisturum er standa að Námsvísi fjölbrautaskóla vegna samræmdra áfangalýsinga, föstudaginn 11.mars 1983 kl.10.00 að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík.

Mættir: Skólameistararnir Gísli Friðgeirsson, Jón Böðvarsson, Heimir Pálsson og Ólafur Ásgeirsson.

Frá Iðnfræðsluráði Sigurður Kristinsson, Óskar Guðmundsson, Jónas Sigurðsson og Stefán Stefánsson.

Sigurður Kristinsson setti fundinn og bauð menn velkomna. Sagði Sigurður að til þessa fundar hafi verið boðað vegna tillögu skólameistaranna þar um, er fram kom á ráðstefnu skólanna um Námsvísi fjölbrautaskóla í Borgarnesi. Fjallaði hann nokkuð um samþykkt Iðnfræðsluráðs á áfangalýsingunum sem hann sagði að hafi verið til reynslu og ekkert sé í raun heilagt í þeim og séu þær til umræðu. Sagði hann tilgang þessa fundar að fá athugasemdir skólameistaranna eftir að þeir hefðu kynnt sér áfangalýsingarnar og að ræða þær.

Heimir sagðist vera mjög ánægður með að þessar áfangalýsingar skuli vera fram komnar og telur að þar hefi verið unnið mjög þarft verk. Sagðist hann, sem skólameistari lítils skóla, vera nokkuð áhyggjufullur varðandi framkvæmd þessara áfangalýsinga. Sagði hann að efnisinnihald og markmið einstakra áfanga vera það mikilvægasta í þessum gögnum. Benti hann á að í þessum áfangalýsingum sé um að ræða fleiri sérgreinda áfanga en eru í námsvísi þeirra og geti það valdið nokkrum vandkvæðum um framkvæmd og nefndi hann öryggismálaáfangann sem dæmi um áfanga sem gengi of langt til sérgreiningar. Nefndi hann í þessu sambandi þann slag sem skólarnir standa í við fjármálayfirvöld vegna hópstarða í kennslu. Einnig nefndi hann að einingafjöldinn, þ.e.a.s. að meðaltali 19 einingar á önn, geti valdið nokkrum vandkvæðum, því það sé þeirra reynsla að ekki sé hægt að krefjast meira en 14-15 eininga á önn af nemanda að meðaltali. Taldi hann að binding áfangana, eins og fram kemur í námsbrautalýsingunum, sé of mikil og valdi erfiðleikum í framkvæmd vegna nauðsynjar á því að keyra nemendur saman sem eru á mismunandi námsbrautum til að fá stærri hópstarðir. Sagði hann að framangreind atriði valdi einkum erfiðleikum í framkvæmdinni og að þá þætti verða að athuga. Hann sagði að hinir litlu áfingar valdi ekki vandkvæðum í sjálfu sér þar sem möguleiki er á að slá þeim saman og gera úr þeim stærri áfanga. Sagði hann ljóst vera að ágreiningur sé um hlutfall almennra greina og faggreina í náminu en ljóst sé að þörf er á auknu almennu námi nemenda vegna þess hvernig grunnskólinn skilar nemendum inn í framhaldsskóla. Í þessu sambandi benti hann á að nemendur á verknámsbrautum standi sig alveg til jafns við nemendur á öðrum námsbrautum í framhaldsskólanum.

Ólafur sagðist taka undir þær athugasemdir sem Heimir hafi gert. Sagði hann að nauðsynlegt sé að greina á milli þeirra krafna er gerðar eru til innihalds í náminu annars vegar og hins vegar skipulagningu í skólunum sjálfum við framkvæmd kennslunnar og sagði hann það vera kjarna málsins. Sagði hann skólameistaranna sérfræðinga í því að skipuleggja skólastarfið, raða niður áföngum og ákveða undanfara. Einnig sagði hann að hafa verði í huga hagkvæmni í rekstri skólans og þá þörf á að veita skólunum svigrúm vegna fjölbreytilegra krafna um innihald námsins. Því verði m.a. að varast að líta of þröngt á innihalds einstakra áfanga.

Sagði hann það skyldu skólanna að reyna að tryggja öllum nemendum að þeir komist í þá áfanga sem þeim ber og í því sambandi megi fyrirkomulagsatriði ekki hamla þeirri viðleitni. Einnig fjallaði hann um hlutfall almennra greina og faggreina í náminu og taldi að atvinnulífið þurfi að marka sér skýrari stefnum um hvers konar iðnaðarmenn það vilji fá.

Gísli sagði það greinilegt að heildarstefnu vanti frá yfirvöldum annars vegar um almenna námið og fagnámið og hinsvegar hversu langt eigi að ganga í sérhæfingu verkmenntunar. Hvað fyrri atriðið varðar taldi hann mikilvægt að nemendur fái það mikla grunnmenntun, bæði í almennum greinum og faggreinum, að þeir geti haldið áfram að mennta sig sjálfir. Hvað síðara atriðið varðar sé það spurning hversu langt niður í grunnmenntunina sérhæfingin eigi að ná eða hvort hana skuli leysa í framhaldsnámi s.s. meistaranámi eða eftirmenntun. Taldi hann að sérhæfing gangi það langt í þessum áfangalýsingum að á litlum stöðum úti á landi eins og í Vestmannaeyjum, sé ekki hægt að kenna nema grunnatriði fagnámsins.

Jón sagði áfangalýsingarnar vera gott verk og rétt að þeim unnið og taldi það vera fyrsta skref í áttina til samræmingar áfangalýsinga. Sagðist hann vilja endurtaka það sem hann hefur oft áður sagt að Iðnfræðsluráð ákveði hvað eigi að kenna en skólarnir sjálfir hvernig það verði gert. Sagði hann það kappsmál þeirra að þeirra skólar séu jafngildir og skólar á öðrum stöðum. Sagði hann nokkuð frá því hvernig þeir hafi staðið að gerð áfangalýsinga og kom það fram að farið var eftir tillögum einstakra kennara um innihald og röðun áfanganna. Í þessu sambandi nefndi hann að mjög æskilegt væri ef kostur er að samþætta bóklegar og verklegar greinar. Sagði hann það vera kröfu landsbyggðarinnar að hægt sé að bjóða eins mikla þekkingu og tók eru á á heimaslóðum. Í þessu sambandi nefndi hann að nauðsynlegt væri að Iðnfræðsluráð héldi áfram vinnu að stefnumörkun um verkaskiptingu iðnfræðsluskóla. Einnig sagði hann frá því samstarfi sem aðstandendur Námsvísis fjölbrautaskóla hafa átt við skólana á Norðurlandi. Sagði hann að þar sem þeir eru núna að vinna að útgáfu námsvísis sé brynt að nám samkomulagi um þá útgáfu og form á áfangalýsingum fyrir verkmenntunina.

Sigurður sagðist fanga jákvæðu viðhorfi þeirra til þessara áfangalýsinga. Sagði hann að áfangalýsingar þessar hafi verið samþykktar til reynslu hjá Iðnfræðsluráði og að tíminn verði að leiða í ljós þá breytingar sem á þeim þurfa að verða hverju sinni. Í þessu sambandi dró hann fram ákvæði reglugerðar um fræðslunefndir og völd þeirra ásamt hefðbundnum afgreiðsluaðferðum Iðnfræðsluráðs á tillögum þeirra, t.d. vegna námsskrárgerðar og fleira. Sigurður benti einnig á að vandamál þau sem skólameistararnir hafa nefnt vegna lítilla hópstarða eigi ekki eingöngu við í litlum skólum. Sömu vandkvæði eru í stærri skólum vegna hinna fámennu iðngreina. Sagði Sigurður það vera sitt álit að í reynd vanti heildstæða stefnu um alla menntun á framhaldsskólastigi. Í þessu sambandi sagði hann frá þeim umræðum sem átt hafa sér stað við ráðuneytið um ráðstefnuhald um menntun iðnaðarmanna. Sagði hann það sitt sjónarmið að menntun iðnaðarmanna verði að vera sem breiðust, bæði á hinu faglega sviði sem hin almenna menntun þeirra.

Jónas benti á að nauðsynlegt sé að hafa sem besta heildaryfirsýn og að gera sér grein fyrir grunnþáttum þess kerfis er við búum við. Sagði hann að iðnnemar í landinu skiptust á 44 iðngreinar með nema-fjölda frá 1 nema í iðngrein upp í 6-700 nema. Einnig að um sé að ræð tvö námskerfi, þ.e.a.s. verknámsskólaleiðina og meistarakerfisnámið. Sagði hann að oft skorti á hjá skólunum að gera sér grein fyrir þess þáttum í umræðum um skipulag námsins og þeir hafi sterka tilhneygingu til að líta á afmarkaða þætti eingöngu.

Sagði hann að í vinnunni við samræmingu áfangalýsinga hafi verið mjög þrýst á starfshópana og fræðslunefndirnar við samræmingu einstakra áfanga á milli greina og raunar gengið jafnvel lengra í því en einstaka fræðslunefndir og starfshópar töldu rétt. Nefndi hann Öryggismálaáfangann sem dæmi um þetta atriði. Sagði hann að verknámsskólarnir (grunndeildir) eigi að vera fyrir allar iðngreinar í viðkomandi iðngeira. Hins vegar hafi sumir skólar gert einstaka verknámsdeildir (grunndeildir) að grunndeildum fyrir ákveðnar iðngreinar innan viðkomandi geira. Í því fælist m.a. einangrun einstakra iðngreina sem valdi því að stærðir námshópa í einstökum áfanga yrðu minni en ella. Sagði hann það vera í lagi að skella saman einstökum áföngum en þó verði að hafa tvennt í huga í því sambandi. Í fyrsta lagi að færa ekki sérgreinda áfanga einstakra iðngreina niður í verknámsskólann/og í öðru lagi að skella ekki saman milli iðngreina líkum áföngum er hafa mismunandi efnisinnihald þó þeir hafi sama námsgreinaheiti. Benti hann á að skilin á milli skipulags eða framkvæmdar og innihalds geti oft verið mjög óljós og taki oft á tíðum mið af hvort öðru. Einnig benti hann á þann skyldleika sem er á milli einstakra faglegra námsgreina í viðkomandi iðngrein, sem oft er nefnt samheitið iðnfræði, en sá skyldleiki krefst oft á tíðum ákveðinnar röðunar áfanga svo samhengi þeirra raskist ekki. Sagði hann að það hefi verið skýrt tekið fram við starfshópana og fræðslunefndirnar að það verði haft að leiðarljósi við röðun áfanga með tilliti til samfara og undanfara, að slík binding eigi sér ekki stað nema full rök og nauðsyn beri til vegna innihalds áfanganna. Fór hann nokkrum orðum um tilgang samræmingarinnar og sagði ef einstakir skólar eigi að nota þessar samræmdu áfangalýsingar sem viðmiðun og gefa út sínar eigin áfangalýsingar, þá verði ekki um samræmingu í raun og að staðið verði í sömu sporum og þegar vinnan hófst á s.l. hausti. Sagði hann að gera verði sér grein fyrir hversu langt er hægt að ganga í samræmingu og mörkunum milli þess að viðkomandi skóli geti boðið fram nám í viðkomandi iðngrein eða ekki.

Ólafur sagðist ekki alveg sjá hver sé hinn raunverulegi ágreiningur milli aðila en það sé atriði sem þurfi að fá á hreint. Sagði hann það ljóst vera að áfangalýsingarnar sem komi fram í einstökum námsvísunum verði að vera samræmdar. Sagði hann það hafa í raun verið stefnan að bjóða fram sem viðtækast framhaldsskólanám á sem festum stöðum á landinu. Sagði hann að skólameistararnir verði líka að líta á rekstrarsjónarmiðið og það sé þeirra skylda að líta ekki alveg fram hjá þeim.

Jón taldi að umræðan verði að vera markvissari og snúast meira um tilvonandi námsvísi þeirra. Taldi hann rétt að einn þeirra, þ.e.a.s. skólameistaranna, vinni að þessu máli í samvinnu við starfsmenn Iðnfræðsluráðs. Taldi hann það rétt að Heimir taki það að sér fyrir þeirra hönd þar sem útgáfa næsta námsvísis liggi hjá hans skóla.

Gísli fjallaði nokkuð um gerð námsgagna og taldi að þegar búið er að skilgreina námið þetta vel, eins og gert er í áfangalýsingunum, þá sé næsta skrefið að snúa sér að öflugri námsgagnagerð.

Heimir sagði frá fundum sem Samband iðnfræðsluskóla áformar að halda með kennurum um áfangalýsingarnar. Föstudaginn 18.mars verður fundur með kennurum í málmiðnaði, 23. mars með kennurum í byggingariðnaði og 22. mars kennurum í rafiðnaði.

Óskar fjallaði nokkuð um skyldur skólanna sem hann sagði m.a. vera að koma til skila faglegum kröfum og ná þeim markmiðum sem sett eru fram með náminu. Einnig nefndi hann að nauðsynlegt sé að koma á samræmdu formi prófskírteina svo þeir séu þau þurfa að meðhöndla s.s.

iðnfulltrúar og prófnefndir geti áttað sig á hverju viðkomandi nemandi hafi lokið í náminu og hverju ekki. Varðandi þær reglur sem fjármálayfirvöld hafa sett um stærðir námshópa þá sagði hann að þær reglur væru ekki eins stífar og skólameistarar vildu af láta. Sagði hann að í þeim reglum komi fram að þær ættu að víkja ef lög eða reglugerðir um viðkomandi nám segðu til um annað. Taldi hann ástæðu til að skólarnir ásamt Iðnfræðsluráði leggðust á eitt með að fá fram viðurkenningu á kostnaði vegna smærri námshópa. Einnig nefndi hann að skv. upplýsingum sem hann hefði undir höndum væri hvergi í Evrópu eins stór almennur kjarni í iðnnámi og hér á Íslandi.

Rætt var fram og aftur um þau efnisatriði er fram hafa komið hér að framan og ýmis önnur er málinu tengjast.

Niðurstaða umræðanna varð sú að Heimir Pálsson f.h. skólameistaranna og Jónas Sigurðsson og Stefán Stefánsson frá Iðnfræðsluráði myndu huga að ýmsum framkvæmdaratriðum nánar varðandi samræmingu áfangalýsinganna og fyrirkomulag þeirra varðandi Námsvísi fjölbrautaskóla.

Fundir slitið kl. 12.30

Samband iðnfræðsluskóla á Íslandi

Stjórn:

Ingvor Ásmundsson IR, formaður
Heimir Pálsson FSe, ritari
Pálmar Ólason FB, gjaldkeri

Varamenn:

Adalgeir Pálsson IA
Gerður Óskarsdóttir Framh.sk. Nesk.
Guðmundur Hjálmarsson IH

Stjórn lðnskólaútgáfu:

Ólafur Ásgeirsson FA, formaður
Jón Böðvarsson FS, ritari
Steinar Steinsson IH

Varamenn:

Guðrún B. Karlsson IR
Þógi Arnar Finnbogason Vélsk. Ísl.
Sísli H. Friðgeirsson Framh.sk. Ve.

Fræðslunefnd:

Guðmundur Hjálmarsson IH, formaður (á b m)
Ólafur Ásgeirsson FA, ritari
Jón Böðvarsson FS

Titnefnd:

Guðmundur Hjálmarsson IH, formaður
Kjöldur Vatnar Björnsson IR
Órn Þorleifsson Vélsk. Ísl.

Varamaður:

Guðmundur Guðbjörnsson FS

Framkvæmdastjórnar SÍÍ:

Þeitur Þorleifsson
Ólafurinn B. Gunnarsson

Skrifstofa SÍÍ:

Opin alla virka daga kl. 10–12 og 13–14 (lokuð í
umarleyfum) lðnskólanum Reykjavík — (herbergi
n. 318) — sími 26240.

Iðnfræðsluráð — skipað 31. ág. 1982

Skipaður án tilnefningar:

Sigurður Kristinsson, formaður

Skipaðir samkv. tilnefningu A.S.Í.:

Bjarni Jakobsson
Guðmundur Hilmarsson
Sveinn Ingvason

Skipaðir samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna:

Árni Brynjólfsson
Ólafur Pálsson

Skipaður samkv. tilnefningu Félags ísl. iðn- rekenda:

Björn Jóhannsson

Skipaður samkv. tilnefningu INSÍ:

Hafsteinn Eggertsson

Skipaður samkv. tilnefningu S.I.Í.:

Ingvor Ásmundsson

Framkvæmdastjóri lðnfræðsluráðs:

Óskar Guðmundsson

Skrifstofa lðnfræðsluráðs, Suðurlandsbraut 6, sími
83455.

Unnið af nem. IR



Úr kennslustund í tölvunardeild IR (Ljós. S.B.S.)

Staða Verkmenntaskólanna í framhaldsskólakerfinu

Þær breytingar sem nú standa yfir á framhaldsskólakerfinu hafa verið mjög til umræðu manna á meðal, ekki síst nú eftir að sérskólarnir eru farnir að ganga áfangakerfinu á hönd.

Ritstjórn ákvað að halda þær hringborðsumræður um stöðu verkmenntaskólanna í framhaldsskólakerfinu sem hér eru birtar til að kynna starfsmönnum í verkmenntum og öðrum áhugamönnum viðhorf nokkurra þeirra sem hafa verið leiðandi í þessari þróun.

Til umræðnanna voru fengin:

Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri verk- og tæknimenntunardeildar menntamálaráðuneytisins, Andrés Guðjónsson, skólastjóri Vélaskóla Íslands, Ingvar Ásmundsson, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík og formaður skólaneftdar Vélaskóla Íslands, Jón Böðvarsson, skólameistari Fjölbautaskóla Suðurnesja, Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Iðnfræðsluráðs, Steinar Steinsson, skólastjóri Iðnskóla Hafnarfjarðar, Þuríður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar Iðnaðarins og fyrrverandi formaður skólaneftdar Iðnskólans í Reykjavík. Umræðustjóri var Örn Sævar Þorleifsson, áfangastjóri Vélaskóla Íslands.

Fyrirhugað er að halda aðrar hringborðsumræður um stjórnum í Iðnfræðslukerfinu og um rétt samtaka Iðnaðarmanna til áhrifa þar á.

Ritnefnd kann Þuríði Magnúsdóttur bestu þakki fyrir framlag hennar til undirbúnings að þessum hringborðsumræðum, en hún hafði hafið þann undirbúning er hún hvarf úr ritnefndinni s. l. vor.

Spyrill: Fyrst vil ég beina einni spurningu til tveggja þátttakenda, þeirra Óskars Guðmundssonar og Jóns Böðvarssonar. Ég vil spyrja hver sé að þeirra áliti staða Iðnfræðslu og tæknimenntunar í landinu. Ég vil biðja Óskar að svara fyrst.

Óskar: Það má segja að nokkrir hlutir hafi horft til betri vegar nú um nokkurt árabíl, en hinu er ekki að neita að á sama tíma og við erum að byggja upp verknámskóla og reynum að gera það eftir bestu getu eiga sér stað hraðstígar framfarir erlendis sem við eigum fullt í fangi með að ná til og flytja inn, koma til skila til Iðnaðarmanna okkar. Það má segja að uppþýgging verkmenntunarskóla hafi verið af hinu góða og aukin verkmenntun í landinu en á sama

tíma verðum við að horfa á það að það er geysilega erfitt að halda í við öra tæknipróun.

Jón: Ég tel að miklar breytingar til góðs hafi orðið á síðustu árum, einkum að því leyti að aðstaða til verklegar kennslu hefur stórbætist þó að betur megi gera. Rétt er að við verðum að fylgjast vel með því sem gerist í öðrum löndum í þessum efnum, en mér virðist að þær úrbætur sem orðið hafa, hafi einkum orðið í faggreinunum. Það er náttúrulega gott, en jafnframt verðum við að hyggja að því að iðnmenntunin sé í tengslum við almennit nám í landinu. Mér virðist hið almenna nám hafa verið hornreka í Iðnfræðslunni að undanförunu og það þurfi að bæta úr því, jafnhliða því sem fagnamið sé bætt eins og við höfum tök á. Ég tel að miðað við gildi námsins sé alltof lítil tími ætlaður til skólagöngu í Iðngreinum, en vil hafa þann fyrirvara á að þetta á aðeins við um sumar Iðngreinar en ekki allar, því að í sumum Iðngreinum eru miklu meiri framfarir en í öðrum. Og, kominn er tími til þess að við áttum okkur á því hvar þurfi að leggja aðaláherslu á í bæði verklegu og bóklegu námi.

Sp.: Nú hafa orðið róttækar breytingar á Iðnfræðslukerfinu á undanförunum árum; verkleg kennsla hefur færst inn í skólana að verulegu leyti og Iðnskólarnir eru orðnir að Iðnbrautum fjölbautaskóla — hluti af samskipan fleiri skóla. Ég vil spyrja: Hvaða markmiðum var ætlunin að ná með þessum breytingum, hver áhrif hafa þær haft á Iðnnámið, hafa markmiðið náðst? Hafa þessar breytingar efit Iðnnámið? Ég vil beina þessari spurningu fyrst til Ingvars og síðan til Óskars.

Ingvar: Mér er ekki kunnugt um markmiðin með þessum breytingum en ég held það sé enginn vafi á að þær hafa styrkt Iðnnámið verulega. Virðing þess hefur aukist víðsvegar um landið, því það hefur fengið veglegan sess í fjölbautaskólunum og mjög bætt aðstæðu frá því sem áður var, eins og kom fram hér á undan. Þetta hefur fyllt fyrir aukningu verknáms og bætt mjög alla aðstöðu til bóklegs náms og bætt bæði kennslu í bóklegum greinum og aukin kröfur í almennu námi. Þannig að ég er ekki í neinum vafa um að Iðnaðarmenn sem hafa stundað sitt nám í fjölbautaskólum víða um landið eru betur í stakk búinir til að sinna sínu starfi en þeir voru áður.

kvæmdastjóra SÍ þannig að ráðinn var nýr framkvæmdastjóri SÍ í hálf starf og sér hann um þátt félagsmála í starfseminni en sá sem fyrir var sér um rekstur útgáfunnar sem framkvæmdastjóri hennar og hefur auk þess Iðnskólabúðina og fjármál sambandsins og útgáfunnar á sinni könnu.

Fyrirkomulag þetta hefur gefist vel enda tókist góð samvinna þessara starfsmanna sem mikið hafa saman að selda þrátt fyrir í aðalatriðum aðskilin verkefni.

Á aðalfundi SÍ 1981 voru samþykkt ný lög fyrir sambandið og reglugerð fyrir útgáfuna. Þar var nafni sambandsins breytt í Samband Iðnfræðslu og tæknimenntaskóla á Íslandi en sú breyting var gerð til þess að auðvelda fleiri skólum aðild að sambandinu og hefur t.d. Vélaskóli Íslands gerst þar aðildarskóli og unnið er að aðild fleiri skóla sem Iðnfræðslu og tæknimenntun stunda. Þess má svo einnig geta að veruleg breyting hefur orðið á aðildaskólum SÍ á undanförunum árum. Iðnskólum hefur fækkað en í staðinn hafa komið fjölbautaskólar með Iðnfræðslubrautir í nær sama mæli þannig að heildarskóla fjöldinn hefur ekki breyst og reyndar aukist ef með eru taldir þeir skólar sem leyfi fá til reksturs einstakra Iðnbrauta eða áfanga á stöðum sem ekki hafa slíka skóla.

Um SÍ annað en það sem að framan er getið verður best skýrt með 3. gr. laga SÍ þar sem segir: „Tilgangur Sambands Iðnfræðslu og tæknimenntaskóla á Íslandi er að stuðla að öflugri og vel skipulagðri Iðn- og tæknimenntun á Íslandi.

- Að með því að koma á auknu samstarfi Iðnfræðslu og tæknimenntaskóla.
- Með því að halda fundi með kennurum skólanna og fjalla þar um kennslu, námsefni, námsgögn og skiptast á skoðunum og miðla reynslu úr starfi skólanna.
- Að auka menntun kennara skólanna með námskeiðahaldi og fyrirgreiðslu til þeirra svo að þeir geti sótt námskeið, eða aflað sér menntunar á annan hátt.
- Annast útgáfu og dreifingu námsgagna fyrir Iðnfræðslu og tæknimenntaskóla.
- Eiga samstarf við félagasamtök í Iðnaði, jafnt félagasamtök atvinnurekenda, launþega og nema.

- Samband Iðnfræðslu og tæknimenntaskóla á Íslandi skal fylgjast með þróun Iðn- og tæknimenntunar í öðrum löndum og miðla upplýsingum um hana til félaga sambandsins."

p.B.G.

Frá Iðnskólanum í Reykjavík

Síðastliðið haust var tekið upp áfangakerfi við skólann. Áfangakerfið tekur til nemenda í fornámi og grunndeildum. Á haustönn voru í skólanum 1160 nemendur, þar af um 550 í áfangakerfi. Á vorönn eru 1120 nemendur í skólanum, þar af 450 í áfangakerfi. Fækkunin í áfangakerfinu stafar fyrst og fremst af því að mjög margir nemendur í fornámi hættu námi um júl.

Í vetur hafa Iðnskólinn og Vörðuskóli verið reknir í einu lagi í tilraunaskyni undir nafni Iðnskólans.

Um áramót var tekið í notkun nýtt sameiginlegt eldhús fyrir nemendur og kennara og matstofur í tengslum við það. Við þessa breytingu hefur mötuneytisaðstaða kennara og nemenda batnað gífurlega, húsnæðis nýttist betur en fyrr og rekstur á að verða hagkvæmari. Skólinn hefur fengið heimild til að halda eftirmenntunarnámskeið í allt að 1200 stundir skv. lauslegri áætlun sem gerð hefur verið um þau.

Samkvæmd samþykkt skólaneftdar hefur verið óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að það heimili skólanum að annast kennslu í almennum greinum til stúdentsprófs. Ennfremur hefur skv. samþykkt skólaneftdar verið óskað eftir því við ráðuneytið að það heimili skólanum að setja á stofn tölvutæknibraut í tilraunaskyni á hausti komanda.

Að frumkvæði skólaneftdar var nýlega haldin ráðstefna í skólanum sem fékk yfirskriftina „Iðnskólinn sem vinnustaður“. Þótti hún takast all vel.

Hvað er SÍÍ

S.I.Í., Samband iðnræðslu og tæknimenntaskóla á Íslandi, daglega aðeins nefnt Samband iðnræðslu- skóla, hét áður Samband iðnskóla á Íslandi var stofnað þann 24. september 1948 og verður því 35 ára á þessu ári.

Um það leyti sem undirbúningur að stofnun sambandsins var hafinn höfðu verið lögð fram á Alþingi rúmvrörp til laga bæði um iðnræðslu og um iðnskóla. Iðnskólarnir höfðu allt fram til þessa tíma verið eknir á ábyrgð iðnaðarsamtakanna í sínu heima- háð með nokkrum fjárfstyrk frá opinberum aðilum þannig að Alþingi veitti fé til reksturs iðnnáms á landinu öllu sem síðan var skipt milli skólanna. Önnur fjármögnun var fengin með skólagjöldum sem meistarar greiddu. Töldu því framsýnir menn úr öðrum forráðamanna iðnskóla fulla ástæðu til að þessir fjölmennustu sérskólar landsins bindust sam- öðrum til að koma fram fyrir þeirra hönd sameigin- lega og reyna að hafa áhrif bæði á setningu laga um iðnræðslu og reglugerðar í framhaldi af þeim og um tarfrækslu iðnskóla. Markmið samtakanna var auk- ess að auka kynni starfskrafta skólanna og sam- tarf, samræma starfsaðferðir skólanna, stuðla að aukinni kennarafræðslu auk þess að vinna að ýms- um öðrum framfarumálum er iðnræðslu varðar, svo sem útvegum og hugsanlega útgáfu kennslubóka og flun kennslutækja.

Um þetta leyti voru iðnskólar á landinu 15 talsins með mjög veikan fjárhagsgrundvöll eins og áður sagði og áttu mjög erfitt með þetta rekstrarform. Þó var hugur flestra skólanna sá að þeir lögðu jafnan sambandi sínu fram nokkurt fé árlega þó af litlu væri- ð taka, einstaka með vinnu en aðrir með fjárfra- m- öðrum.

Þetta rekstrarform iðnskólanna sem varað hafði- tið breytt, allt frá aldamótum hélt allt fram til ársins 1956 enda voru iðnræðslulögin mörg ár fyrir þinginu- þur en þau fengust samþykkt og í framhaldi af þeim- öm svo samning reglugerðar sem líka tók sinn tíma- n í kjölfar þessara laga varð sú ánægjulega- reiting að skólagjöld iðnnema sem eftir setningu- aganna áttu að renna til ráðuneytis og sveitarfélaga- hlutfalli við þátttöku þeirra í rekstri skólanna, feng- st yfirfærð á Samband iðnskóla og skyldi þeim var-

ið til eflingar útgáfu kennslubóka sem allt frá stofnun- samtakanna var snar þáttur í starfsemi þeirra.

Strax á stofnfundi Sambands iðnskóla var talsvert- rætt um útgáfu kennslubóka og á öðrum aðalfundi S.I.Í. var kosin stjórn Útgáfufélags iðnskólanna eins og segir í fundargerð frá þessum tíma, en árið á eftir, 1950, varð nafn útgáfunnar iðnskólaútgáfan sem- óbreytt hefur haldist síðan. Iðnskólaútgáfan hefur- alla tíð síðan haft sína eigin stjórn sem kosið er í á- sameiginlegum aðalfundi sambandsins og útgáf- unnar enda ávallt verið lítið á iðnskólaútgáfuna sem- eign S.I.Í. og sambandið og útgáfan ráðstafað nær- öllum sínum tekjum til útgáfustarfseminnar aðeins- að frádregnum kostnaði við rekstur félagsstarfsem- innar.

Árið 1962 tók S.I.Í. við skólavörubúð iðnskólans í- Reykjavík sem síðan hefur verið rekin undir nafninu- iðnskólabúðin og hefur haft á hendi dreifingu bóka- og kennslugagna til allra iðnræðsluskólanna á- landinu auk þess að vera dreifingaraðili á bókum- útgáfunnar sem hin síðari ár hefur talist reka búðina- bæði hvað varðar framkvæmd og reikningshald. Árið 1972 eftir hækkun skólagjalda eldist fjárhags- legur styrkur lítilllega og með ráðningu framkvæmda- stjóra jókst starfsemi útgáfu og búðar en S.I.Í. fann- til þess að efla þyrfti félagsstarfsemina einnig og hóf- hún í því skyni m. a. útgáfu Fréttabréfs S.I.Í. árið 1973, gekkst fyrir ráðstefnum um námsgögum í iðn- fræðslu, stöðu verkmenntunar í menntakerfinu, ráðstefnu verkmenntakennara og fundum fag- kennara á árunum 1975 til 1981.

Árið 1978 var undirritaður, milli iðnræðsluráðs og- iðnskólaútgáfunnar, samningur um útgáfu allra- þeirra kennslugagna sem iðnræðsluráð lætur vinna og- eldi þessi samningur starfsemi útgáfunnar veru- lega og eru nú um 50 námsefnistitlar í útgáfu á- grundvelli þessa samnings auk þess sem útgáfan- gefur sjálf út nú í ár um 15 bækur og bæklinga. Þessi- aukning á útgáfustarfsemi leiddi síðan til þess að- minni tími starfsmanna vannst til að sinna hinum fé- lagslega þætti sem þó er ærinn ef framfylgja á lögum- þeim sem sambandið hefur sett sér og vill vinna að- auk þeirra málefna sem upp koma á hverjum tíma og- snerta málefni þessara skóla. Var þessvegna á- árinu 1982 tekið til þess ráðs að skipta starfi fram-

Örn
Þorleifsson



Óskar: Við verðum aðeins að líta á þá þróun sem- hefur átt sér stað. Þegar ég byrjaði að starfa fyrir- iðnræðsluráð upp úr 1970 var öll iðnmenntun í- landinu á grunnskólastigi. Um 1975 fæst hluti af- henni færður upp á framhaldsskólastigið, þ.e.a.s.- tveir áfangar af þrem sem þá voru kenndir í iðnskól- um voru færðir upp á framhaldsskólastig, og það er- ekki fyrr en með breytingunum haustið '81 að iðn- fræðslan er komin alfarið á framhaldsskólastigið, með- þrem áföngum í bóklegu námi fyrir iðnnema, og- verklega kennslan flýtur náttúrulega með líka. Þann- ig að menn verða að líta á þetta sem þróunartímabil. Ef- lítið er á undirstöðumennntunina sem krafist er- núna og krafist var áður koma nemendur betur- undirbúnir inn í iðnnámið en áður var. Þetta er stuttur- tími.

Síðan má velta fyrir sér hver markmiðin voru. Það- vill nú svo skemmtilega til að einhver hefur borið hér- til mín ritgerð, sem var unnin við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, um hugmyndir að baki iðnræðslu- lögunum 1966. Þar kemur sterklega fram í niður- stöðum að þingmenn voru sammála iðnræðslu- nefndinni um að lagasetningin skuli fyrst og fremst- miða við þarfir atvinnuveganna. Þá kemur fram- óbyggjandi tilhneiging í þá átt að setja jafnaðarmerki- milli þarfa atvinnuveganna og hagsmuna þjóðar- heildarinnar. Það er áberandi í máli þingmanna að- þeir telja að bætt iðnmenntun leiði til aukinnar fram- leiðni og þar með aukinnar velmegunar íslensku- þjóðarinnar.

Ég held að þessi uppbygging á verknámsskólum- hafi sannað að ákvörðunin um lagasetninguna á- árinu 1965 til 1966 hafi verið rétt; við höfum fengið- aukna verkmenningu við þetta og eftir því sem þess- ir skólar þróast áfram, sem í eðli sínu eru á byrjun- árstigi í dag þó þeir seu búðir að starfa í hálfan ára- tug, eigum við eftir að sjá enn stórstífgari framfarir- þegar lengra liður. Það er oft talað um drjúgan undir- búning í almennum greinum og við verðum hér á- landi að sætta okkur við að við verðum að hafa meiri- slíkan undirbúning en aðrir þjóðir vegna þess að- þetta málsamfélag er ekki stærra en svo að sjálf- stæð útgáfa á fagfagmaritum og öðru slíku getur ekki- staðið undir sér og við getum því ekki reiknað með

Ingvar
Ásmundsson



því að iðnaðarmenn hér eigi aðgang að fagfagmaritum- á sínu eigin máli.

Hver á að vera undirstaðan? Hvað á hinn almenni- borgari í þjóðfélaginu árið 2000 að kunna? Það er- þarft að skoða. Ég er ekki viss um að allar þær- greinar sem við erum með inni í skólunum í dag svari- til allra menntunarþarfa unglingsins sem kemur út- eftir nokkur ár eða jafnvel mannsins sem þarf að- endurmenntast. Hvað er það sem við þurfum að- kunna við í þjóðfélaginu sem einstaklingar? Það er- sú almenna menntun sem á að vera eins fyrir alla án- tillits til þeirrar starfsmenntunar sem þeir eru í. Þarna- held ég að sé ókortlagt svið. Það verður að leita eftir- haða þarfir eru raunhæfar og á þessu held ég verði- að gera úttektir áður en hægt er að setja saman það- sem kalla mátti almennan bóknaðskjama fyrir- starfsmenntagreinar á framhaldsskólastigi.

Þurður: Ég vil leggja orð í belg í sambandi við- markmið þessarar þróunar. Hún er ekki orðin til af- neinni tilviljun. Grundvöllurinn er alveg tvímælaust- lagður með áliti verk- og tæknimennntunarnefndar- sem starfaði á árunum 1970 til '71. Það er mjög- greinilegt að í flestu hefur verið fylgt þeirri stefnu sem- þar var mörkuð. Markmiðin eru þar allljós. Með til- lögu um samræmdan framhaldsskóla sem þar kemur- fyrst fram er sagt að ætlunin sé að opna blindgötur í- framhaldsskólakerfinu, að auðvelda flutning milli- námsbrauta og milli skóla, að samræma mat á- námsleiðum. Þar kemur fram og tillaga um áfanga- kerfi og einingamat, og svo náttúrulega það mark- mið, að samnýta bari aðstöðu og kennslukrafta. Ég- sé ekki betur en þetta hafi gengið eftir.

Um verknámið er þar lagt til að það sé sett svo til- alveg inn í skólann. Gert ráð fyrir að það sé stytt úr- fjórum árum í þrjú og fari að öllu leyti fram í skóla, nema þrjá mánuði árlega sem nám, fari fram á- vinnustöðum. Að vísu hefur þetta ekki gengið eftir, en- tilgangur með því að flytja verknámið inn í skóla- út úr meistarakerfinu er skilgreindur í nefndarálitinu, og- þar er talið að þannig muni fást markvissari- menntun og sytting á iðnnáminu. Þar er talið æski- legt að námsbrautir í starfsmennntun séu ekki lengri- en þær þurfi að vera. Þetta hefur alls ekki gengið- eftir. Þvert á móti hefur iðnnámið lengst. Bóklegi- þátturinn hefur lengst og verklegi þátturinn hefur í

yfirleitt ekki styst, þannig að heildarnámstíminn hefur í flestum greinum lengst talsvert.

Um áhrif þessara breytinga, eins og ég hef lýst þeim, er það að segja að það hefur flest það gerst sem menn vildu fá út úr samræmdum framhaldsskólum. Tvímælalaust hefur auðveldast flutningur nemenda milli brauta og skóla og það hafa verið opnaðar ýmsar blindgötur, þar á meðal þær blindgötur sem iðnnámið stofnaði til. Þetta eru að sjálfsögðu framfarir. Hvort verknám í skóla sé í sjálfur sér betra og markvissara nám en verknám hjá meistara er hlutur sem er ákaflega erfitt að meta. En sú ætlun að stytta iðnnámið hefur ekki tekist. Það má lengi deila um hvort það var æskilegt markmið. Ég heyri til dæmis að Jón er á því að bóknámsþátturinn sem stækkaði hvað mest sé ennþá of lítill.

Það er eitt sem mig langar að spyrja um. Ég hef á tilfinningunni að það liggi ekki nein sérstök mörkuð stefna að baki þeirri þróun að iðnnámið hefur lengst og að sá þáttur sem gengur undir þessu nafni „almennt menntun“ hefur stækkað í skólamenntun iðnnema. Hvað segir þú um það Stefán Ólafur?

Stefán Ólafur Það er nú búið að drepa á tvo mikilvæga kjarna í þessum umræðum. Annars vegar almennta skólamálastefnu í landinu sem tekur til þess menntunar- og þekkingarstigs sem þjóðfélagið vill koma öllum upp á að lágmarki og ákvarðað er við lok grunnskóla. Það er sá grunnur sem á að byggja ofan á margvíslega iðnþekkingu, sem greinist síðan í brautir af mismunandi þungd. Það er áberandi hjá grannlöndum okkar að þar eru byggðar margar sérgreinar í verk- og tæknimenntun á þessum almenna grunni sem grunnskólinn á að veita. Hjá okkur hefur verið tilhneiging til að auka við þennan almennta menntunargrunn áður en farið er að byggja sérhæfingu ofan á. Þetta mál, er mjög stórt og flókið úrlausnar.

Hitt málið er svo stefnan í sjálfri verkmenntuninni og þá er verkmenntunin eins og hún er skilgreind af UNESCO afskaplega vítt hugtak. Hún tekur til mjög stórs starfssviðs, eiginlega allra greina sem tengjast atvinnulífinu. Ef við beinum athyglinni hér meira að tæknimenntuninni á verklega sviðinu, þá er stefnan mörkuð í lögum frá árunum '64 og '65 og staðfest með lögum frá '66. Þeirri stefnu hefur ekki verið

breytt ennþá. Hún er lögð til grundvallar varðandi iðnfræðsluna. Hins vegar er það svo verk sem hrundið var af stað af menntamálaráðuneytinu með því að setja á fót nefnd til að fjalla um uppbyggingu verk- og tæknimenntunar í landinu sem átti að vera grundvöllur að þróunarverkefni og hugsanlegri laga-setningu sem þróunin byggðist á. Við búum nú við þær furðulegu aðstæður hér að við höfum þróað okkar framhaldsskóla án þess að hafa fengið lög um þá. Þessi þróun okkar síðustu tíu árin hefur byggst á ákaflega ófullkomnum lögum um heimild til að stofna í tilraunaskyni fjölbrautaskóla. Hér var spurt áðan „hefur þessi þróun náð því markmiði sem var sett og hefur verið um að ræða einhverja markvissa tefnu hjá menntamálaráðuneytinu“. Ég get svarað þessari spurningu bæði með já og nei. Margt hefur áunnist. Stórstígustu breytingarnar síðustu tíu árin finnst mér hafa verið bætt aðstaða til menntunar. Hitt er að iðnnám hefur verið tengt mjög mikið inn í fjölbrautaskólana. Það mál hefur frá upphafi átt bæði fylgjendur og andmælendur. Og ef ég ætti að vitna um þau viðbrögð sem við verðum fyrir í ráðuneytinu núna, þá fannst mér í byrjun gæta mjög áberandi tortryggni atvinnulífsins, eða þeirra sem eiga að taka við fólkinu. Síðan dalar þessi tortryggni. En hún hefur ekki verið eins áberandi eins og núna síðastliðið ár. Þá hefur verið gagnrýnt, að setja verkmenntunina svona mikið inn í fjölbrautaskólana. Og nú verðum við mjög varir við það í viðræðum okkar í ráðuneytinu að komin sé ástæða til að skoða einhverja aðgreiningu aftur. En við sem unnum að því að forma löggjöf sem enginn veit hvort verður nokkurn tíma sett neitt í líkingu við það sem framhaldsskólaneftindin samdi sem frumvarp til laga um framhaldsskóla, við höfum það á stefnuskrá okkar að reyna að byggja upp framhaldsskólakerfið sem eina heild og reyna að hafa það ekki greint mjög mikið í skólabrautir. Við urðum strax varir við gagnrýni á þessa stefnu okkar; það voru margir sem vildu halda sérskólanum með ákveðin svið og takmarka þessa samræmingu. Og nú virðist mér aftur vera farið að gæta þessara sjónarmiða um aðgreiningu. Ég hef átt skemmtilegar rökræður um þessa stefnu.

Svo er spurt hvort menntamálaráðuneytið hafi ákveðna stefnu í þessum málum. Ég skal svara því

Frá Framhaldsskólanum í Neskaupstað

Gerður Óskarsdóttir,
skólameistari Neskaupstað.



Framhaldsskólinn í Neskaupstað var stofnaður haustið 1981 þegar Iðnskóli Austurlands og Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað sameinuðust í eina stofnun.

Iðnskóli Austurlands tók til starfa árið 1971 samkvæmt lögum um að iðnskólar skildu vera í öllum kjördæmum landsins. Iðnnám hafði þá verið starfrækt í bænum frá 1943. Við Gagnfræðaskólann var hafið framhaldsnám með fjölbrautaskóla árið 1977, en framhaldsdeildir höfðu verið við skólann frá 1969.

Hinum nýja skóla er ætlað að vera kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi, en býður jafnframt upp á nám á viðskipta-, heilbrigðis-, matvæla-, raungreina- og samfélagssviðum.

Skólar á Austurlandi með framhaldsnám hafa með sér nána samvinnu og ákveðna verkaskiptingu. Þeir starfa eftir áfanga- og einingakerfi. Nemendur geta hafið framhaldsnám, þ.m.t. iðnnám, á fimm stöðum í fjórðungnum, Egilsstöðum, Höfn, Neskaupstað og Seyðisfirði. Vilji þeir stunda iðnnám á námssamningi geta þeir t.d. tekið fyrstu önnina í einhverjum þessara skóla en taka tvær síðari annirnar í Neskaupstað. Á sama hátt ljúka menn síðustu önn-

um til stúdentsprófs á Egilsstöðum, en geta tekið tvær til fjórar fyrstu annirnar í hinum skólunum.

Framhaldsskólinn í Neskaupstað býr nú við góða húsnaði til bóklegrar kennslu þar sem ný viðbygging við gamla gagnfræðaskólahúsið var tekið notkun s.l. haust.

Við skólann eru nú í vetur í fyrsta sinn starfræktar verknámsbrautir í mál- og tréðnum. Með stofnun þeirra var merktum áfanga náð í þróun iðnnáms Austurlandi. Leigð voru fullbúin verkstæði í bænum fyrir þessa kennslu og eru þau í eigu verknámskennaranna. Verknámshús og heimavist eru næstu byggingaverkefni vegna skólans.

Verknámsbraut rafiðna verður sett á stofn svífljótt sem fjármagn fæst fyrir stofnbúnaði, eða húsnaði er fyrir hendi.

Iðnnemar í Framhaldsskólanum í Neskaupstað koma hvaðanæva úr Austfirðingafjórðungi, allt frá Vopnafirði suður til Hornfjarðar. Skólinn er fjármagnaður af ríkissjóði og bæjarstjórn Neskaupstaðar.

Gerður G. Óskarsdóttir,
skólameistari.

Kennslustund í Framhaldsskóla Neskaupstaðar.



Fréttir frá Iðnskólanum í Hafnarfirði.

vinnuafis í framleiðslustörfum mun vaxa. Nemendur Verknámsskólans verða af báðum kynjum og mun það e.t.v. auka fjölbreytni náms og atvinnuvalsvænna. Skólanum er ætlað að þjóna öllu Norðurlandskjördæmi eystra."

Aðalgeir Pálsson, skólastjóri sagði m.a. í sinni æðu:

„Hverri þjóð er það kappsmál að búa þannig að þeskunni að aðstaða hennar til menntunar og þroska sé sem fullkomnust. Til þess þarf gott húsnæði, búið og kennslukrafta. Langþráður áfangi hefur náðst að skapa málmiðnaðarkennslunni á Akureyri varanlega og vandaða aðstöðu. Í nafni Iðnskólans á Akureyri þakka ég þessa veglegu byrjun á hinum fyrhugaða Verkmennaskóla á Akureyri. Samkvæmt samningi milli ríkisins og Akureyrarbæjar skulu allar byggingar sem byggðar eru í nafni Verkmennaskólans afhendast Iðnskólanum til afnota — þar til Verkmennaskólinn tekur formlega til starfa. Verkmennaskólinn á Akureyri verður sameinaður skóli framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans, Húsmæðraskólans og Iðnskólans. Skólinn mun þannig taka að sér alla tarfsemi þessara skóla á framhaldsskólastigi — og er vonandi gæfu til að auka hana að umfangi og fjölbreytni. Ef Verkmennaskólinn verður stofnaður í or, eins og stefnt er nú að, munu nemendur hans erða um 500 á næsta skólaári."

Heimildir:

Verkmennaskólinn á Akureyri. — Kynningardagur málmiðaðeildar laugard. 22. jan. 1983. Dagur" 25. jan. 1983.

Kennsla við Iðnskólann í Hafnarfirði fer fram á þrem stöðum í bænum. Bóknámskennslan fer fram að Reykjavíkurvegi 74, en kennsla í verkdeildum tré-, mál- og rafíðna fer hins vegar fram í skólahúsnæði við Flatarhraun og kennsla í verkdeild háriðna fer fram í leiguhúsnæði.

Nemendafjöldinn á haustönn 1982 var 153 nemendur þar af 26 nemar í meistaranámi og 34 í tækniteiknun. Á vorönninni 1983 er fjöldinn við skólann 174 nemendur þar af 29 í tækniteiknun og 26 í meistaranámi.

Á skólaárinu 1982—1983 var hafið nám í verkdeild rafíðna. Var í því augnamiði tekið í notkun fyrir rafíðnaðeildina nýnnréttað húsnæði í skólahúsnæði Iðnskólans við Flatarhraun. Var lokið við innréttinguna um síðustu áramót og húsnæðið þá tekið í notkun.

Með bréfi frá menntamálaráðuneytinu dagsettu 04.10.1982 var Iðnskólanum í Hafnarfirði veitt heimild til þess að starfrækja meistaraskóla og meistaranám fyrir iðnaðarmenn í byggingargreinum, húsnæðis, múrverki og pípuöðgnum. Heimildin er háð því skilyrði að námið og námsefnið verði hliðstætt námsefni Iðnskólans í Reykjavík. Meistaránámið er kennt í lotukerfi þ.e.a.s. á hverri önn eru kenndar fáar námsgreinar í einu og lokið með prófi er hámarkstímafjöldanum er náð og yfirferð námsefnisins lokið.

Verkdeild háriðna hefur frá því að hún var fyrst starfrækt verið í leiguhúsnæði úti í bæ. Á síðastliðnum vetri var skólanum sagt upp húsnæðinu. Verið er að innrétta húsnæði fyrir verkdeildina í kjallara skólans að Reykjavíkurvegi 74. Er sú vinna framkvæmd af nemendum skólans, hönnun innréttinganna sem og smíði þeirra. Iðnskólinn starfrækir auk ofangreinds náms, nám í rafstöðu, svo og hefur verið haldið námskeið í trésmíði fyrir almenning.

Sumarið 1981 rættist langþráður draumur er loks var sett á skólann vatnspétt þak. Enn ánægjulegra var hönnun þaksins var framkvæmd af 3.áfanganemendum í byggingariðnum, var hönnunin unnin í hópvinnu nemenda.

Á árinu fengu námsflokkar Hafnarfjarðar inni í Iðnskólanum.

g.h.

Óskar Guðmundsson



Þuríður Magnúsdóttir



alveg hiklaust að ég get ekki túlkad þá stefnu núna. Ég hef rætt þetta mál við ráðherra og byrjaði að ræða mjög ákveðið við hann í fyrra um að við þyrftum að fara að kalla til þings þar sem þessi mál væru rædd í fullri alvöru af þeim mönnum sem þessi mál varðar, skólamönnum og alþingismönnum, og ég er að vona að af þessu málþingi geti orðið núna undir vorið. Þar yrðu dregin fram þau mikilvægustu atriði sem snerta stefnuna og framkvæmdina og leitað eftir þeim lausnum sem menn trúa að skili bestum árangri. En jafnframt sé gætt þess að það fjármagn sem sett er í menntakerfið skili sér.

Sp.: Nú standa yfir breytingar á Vélaskólanum og Iðnskólanum í Reykjavík í þá átt að samræma nám í þessum skólum almenna framhaldsskólakerfinu og endurbæta kennslu í þessum skólum á ýmsan hátt. Ég vil spyrja þá Andrés og Ingvar: Hvaða markmið voru skilin með þessum breytingum og hvaðan kom frumkvæði að þeim?

Andrés: Ég vil nú fyrst koma með innlegg í það sem á undan hefur verið rætt. Ég var sjálfur iðnaðarmaður og hef verið að rífa upp hvernig iðnnámið fór fram. Maður gerðist nemi í smíðju eða hjá meistara, og fór síðan í kvöldskóla sem var kallaður iðnskóli. Sá skóli var upprunninn að óskum iðnaðarmanna um að fá almenna menntun. Það er eitt sem var áberandi þegar ég kom í iðnskóla um 1938 til '42, það var að iðnskólanámið var ekki tengt hinu verklega námi. Það hefur áunnist núna með því að skipuleggja námið þannig að maður sem fer t.d. í járnsmíði lærir í iðnskólanum járnsmíði, verkfærasmíði, efnisfræði og þess háttar. Upphalla voru iðnskólarnir hluti af hinu almenna námi fyrir hinn tilvonandi iðnaðarmann. Þetta hefur þróast upp í það að námið hefur orðið hnitmiðaðra — með tilkomu dagskólanna — og tengdara verklega náminu.

Þegar aðrir fagskólar komu til, Vélaskóli, sjómannaskóli, var það sett skilyrði fyrir inngöngu að menn hefðu einhverja verklega menntun, hefðu t.d. unnið svo og svo mörg ár í smíðju og síðar að þeir hefðu sveinspróf. Þessu er aftur breytt 1966 þannig að Vélaskólinn tekur hluta af hinu verklega námi.

En til að koma að spurningunni, þá hefur komið fram frumvarp til laga um framhaldsskóla sem allir skólar eiga að vera í. Sérskólarnir eins og Vélaskólinn,

sem er orðinn 60 ára, og Stýrimannaskólinn, sem er orðinn 100 ára, eiga að falla inn í sama kerfið. Vélaskólinn var farinn að taka við nemendum frá öðrum skólum og einnig var ætlunin að opna námsleiðir til framhaldsnáms.

Spurningunni um hver hafi átt frumkvæði að þessum breytingum vil ég svara þannig að ráðuneytið hafi átt frumkvæði að því að breyta Vélaskólanum nú síðast og einnig skólanefndin í sambandi við ráðuneytið og auðvitað starfsmenn skólans. Það er rétt sem kom hér fram áðan að sérskólarnir hafa þurft að auka kennslu í almennum greinum. En ég vil taka upp spurninguna sem ég held að Óskar hafi varpað hér fram, það er hvað er menntun? Lengi vel var verkmenntun ekki talin menntun. Menntun var aðeins það að kunna latínu, þýsku o.þ.u.l. En það að kunna að mýjólka kú, höggva við í eldinn var ekki talið menntun. Þetta hefur breyst nú seinni árin og nú er t.d. unnið að því að staðla þetta nánar.

Ingvar: Frumkvæðið að þessum breytingum held ég hafi komið fram hjá skólanefndum og skólastjórum. Það er margt sem hefur stutt þetta, s.s. þær breytingar sem hafa verið að gerast í þjóðfélaginu í skólamálu. Það voru mjög margir sem sáu þörfina á breytingum. Það skipti að sjálfsögðu sköpum að ráðuneytið gerði sér ljóst að þessara breytinga var þörf.

Markmiðin með þessu eru mörg. Fyrra nám nemenda, á að nýtast betur, þegar þeir koma í sérskóla, eins og t.d. Vélaskólan eða Iðnskólan, eftir að hafa reynt fyrir sér í einhverjum öðrum skóla. Síðara nám nemenda sem leita inn í iðnskóla eða vélaskóla og snýst síðan hugur á líka að geta nýst betur. Nám í heimabyggð á líka að geta nýst betur og nemendur ættu að geta verið lengur heima en ella án þess að námsmarkmið þeirra þurfi að breytast. Blindgatan sem felst í því að fara inn í vélaskóla a.m.k. mildast og öfnast að einhverju leyti. Það gerir nemendum auðveldara að skipta um stefnu í ljósi reynslu. Það eru líkur á því að hæfari nemendur sækji í starfsmenntaskólana ef þeir eiga ekki á hættu að lokast inni í blindgötum. Ég tel að þetta hafi nú þegar sýnt sig í Vélaskólanum. Fleiri sækja inn í þetta nám eins og hefur nú þegar komið fram í Vélaskólanum. Með þessu skapast aukin tækifæri til samræm-



Þátttakendur í hringborðsumræðum: Þuríður Magnúsdóttir, Stefán Ólafur Jónsson, Andrés Guðjónsson, Óskar Guðmundsson, Örn Sævar Þorleifsson (umræðustjórnandi), Ingvar Ásmundsson og Jón Böðvarsson. (Á myndina vantar Steinar Steinsson.)

ingar og samstarfs við aðra skóla sem gerir fært að nýta reynslu þeirra. Reynslan verður víðtækari og betri. Skólastarfið sem sagt betra og hnitmiðaðra.


Jón: Mig langar aðeins að leggja orð í belg varðandi það sem Stefán Ólafur Jónsson sagði hér áðan um þær hræringar sem hann verður var við í sambandi við skólahald.

Þegar þjóðfélagið verður flóknara eins og hefur verið að gerast á undanförunum árum, hefur slíkt náttúrulega kallað á breytta stefnu í skólamálum og breytt skólakerfi. Spurningin er þessi: hvernig á að mæta sérhæfingarkröfum nútímans.

Atvinnuvegirinn gera ákveðnar kröfur og þegar þeir hafa meið áhrif á skólakerfið kemur sú stefna upp að reyna að koma því inn í stutt og markvisst starfsnám á kostnað ríkisins. Markmiðið — bæði meðvitað og ómeðvitað — er að festa menn í ákveðnum störfum og jafnvel á ákveðnum vinnustöðum. Í Bandaríkjunum hefur þetta gerst í stórum stíl. Skólarnir þar skýra frá því að þeir eigi í ákveðinni samkeppni við fyrirtæki sem sjálf vilja mennta sína starfsmenn og mennta þá þannig að þeir séu sem hæfastir fyrir fyrirtækið en geti helst ekki farið annað. Þetta hefur leitt til þeirrar stefnu þar að í skólunum sjálfum hefur verið lögð ríkari áhersla en áður á þá almennu menntun sem gerir mönnum kleift að geta skipt um starf, — að finna það út sem er sameiginlegt og nauðsynlegt öllum. Þetta kemur á dagskrá hér innan skamms: að hverju á skólamenntunin að stefna? Ég fagna því að Stefán Ólafur Jónsson beilir sér fyrir því að ráðstefna verði haldin um þessi mál

til þess að finna hvað á að vera markmið skólans. Eiga til dæmis atvinnuvegirinn að ráða þessu? Á að beina þessu inn á þær brautir að þetta vrði stutt starfsnám og komi mönnum á ákveðinn bás sem þeir losna ekki af, eða á að mennta þá almennt með það fyrir augum að þeir geti með eins lítilli fyrirhöfn og unnt er skipt um starf, kannski þrisvar-fjórum sinnum á ævinni, eins og hlýtur að verða þegar örar breytingar eru, eins og núna er. Við sjáum í sumum iðngreinum hvernig góð iðnmenntun hefur orðið gagnslítill við breyttar aðstæður og aukna tækni til dæmis í prentiðnum. Þetta eru brýn viðfangsefni sem mér finnst að bæði ráðuneytið og allir aðilar sem að iðnfræðslu standa á einn eða annan hátt eigi að taka á dagskrá- og finna stefnuna.

Þuríður: Ég er sammála Jóni um, að það er mikilvægt og raunar löngu tímabært að koma af stað umræðum um stefnumörkun í verkmenntun og sjálfsagt um menntun í framhaldsskólum almennt. Það sem Jón segir um hættuna af því að beina mönnum inn á stuttar og mjög sérhæfðar námsbrautir er sjálfsagt alveg rétt. En hinsvegar verð ég að segja að mér finnst vera nokkur glæra á því í þessari ræðu Jóns að verkmenntun sé ekki menntun sem hafi yfirfærslugildi. Ég held að þetta sé alrangt. Ég held að maður sem er með staðgöða starfsmenntun sé hlutfallslega miklu betur settur í breytilegu þjóðfélagi en sá sem kann t.d. heldur meira í tungumálum eða öðru því sem gengur undir nafninu í almennar greinar. Semsé það að kunna að vinna hefur yfirfærslugildi. Og flestar iðngreinar eru þannig að jafn-



Frá málmíðnaðardeild.

ágúst 1981 og innréttingar í 1. áfanga voru boðnar út í apríl 82. Aðalverktaki í bæði útboðin var Híbyli hf.

Fyrsti áfangi Verkmenntaskólans var formlega afhentur iðnskólanum á Akureyri til rekstrar — föstudaginn 21. jan. 1983.

Í þessum fyrsta áfanga er smíðja fyrir málmíðnað — og hófst kennsla þar 15. nóv. 1982. Með tilkomu þessa verknámshúss er gert ráð fyrir að fjölga megi nemendum deildarinnar upp í 72 sem er þreföldun frá því sem verið hefur. Fjöldi gesta var viðstaddur þegar þessi fyrsti áfangi skólans var formlega tekinn í notkun — og daginn eftir var skólinn opinn almenningi til sýnis. Það var Haukur Árnason, form-

byggingarnefndar skólans, sem afhenti hann formlega til Aðalgeirs Pálssonar, skólastjóra iðnskólans á Akureyri. Í ræðu sinni sagði Haukur Árnason m.a.

„Tveir megin skólar á framhaldsskólastigi — Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri — verða það stórir, 5—700 nemenda skólar, að þeir geta ráðið til sín hæfustu kennara sem völ er á. Búnaður þeirra getur orðið sá besti og hæfleg samkeppni mun myndast á milli skólanna. Mat almennings á verknámi mun breytast. Val nemenda og foreldra þeirra á námsbrautum framhaldsnámsins verður meira miðað við áhugasvið nemandans og verknámið metið jafngilt bóknámi og lokar ekki leiðum til framhaldsnáms. Hlutfall menntaðs

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 9. sept. 1980 var samþykkt að kjósa nýja byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri. Eftirtaldir menn voru kosnir:

Haukur Árnason, form., Bárður Halldórsson, Helgi Guðmundsson, Sigurður J. Sigurðsson og Stefán Jónsson.

Skömmu eftir skipan byggingarnefndar var gengið frá ráðningu arkitektanna Geirharðs Þorsteinssonar og Hróbjarts Hróbjartssonar til að hanna skólann. Verkfræðistofa Norðurlands hf. var ráðin til að sjá um tæknihönnun í samvinnu við Delta sf. Magnús Guðmundsson, tæknifræðingur var ráðinn fulltrúi nefndarinnar til að sjá um samræmingu verkefna og byggingareftirlit.

Verkmenntaskólinn byggist upp af þrenns konar rýmum.

1. *Skólasmiðjur* — (þ.e. húsnæði fyrir verklegt iðnnám og vélstjórabráut. Þær eru sjö talsins).

2. *Bóknámsrými* — (þ.e. alm. kennslustofur til bóknáms — geta þó hýst ýmislegt verklegt nám í léttum greinum — 35 stofur).

3. *Félagsaðstaða* — (þ.e. samkomusalur, bókasafn, veitingasalur o.s.frv.).

Heildargrunnflötur skólans verður um 8100 m² og rúmmálið um 31000 m³.

1. *áfangi*: Smiðja fyrir málmíðnað. Brúttó rúmmál um 4440 m³ eða ca. 11% af heildarbyggingunni. Uppbygging 1. áfanga án innréttinga var boðin út í

Andrés
Guðjónsson



Jón
Böðvarsson



Haukur Árnason form. Verkmenntaskólans á Akureyri
afhendir Aðalgeiri Pálssyni skólastj. Iðnskólans, lykíl að nýja húsinu.



vel þó þrengist um í grein mannsins þá á hann yfirleitt meiri möguleika á atvinnumarkaði en sá sem hefur einhverja almenna grundvallarmenntun. Ég held að reynslan sýni það að þegar samdráttur hefur orðið hér, þá eru það ekki iðnaðarmenn sem hafa átt bágast með að komast í vinnu. En það er auðvitað með þetta sem annað að það verður að fara skynsamlegan meðalveg.

Stefán Ólafur Jónsson: Ég vil minna á máltæki sem ég heyrði oft í æsku sem var hrós um mann þegar sagt var að hann væri vel að sér til munns og handa. Það þýddi í minni vitund að hann væri vel að sér í almennum fróðleik en kunni sitt verk líka. Þess vegna er ég sammála því sem Þuríður sagði áðan að menntun er ákaflega yfirgripsmikið hugtak. Maðurinn getur verið menntaður á vissum sviðum þó hann sé ekki bóklærður á öðrum.

En ég ætlaði að taka upp þráðinn frá Jóni Böðvarssyni áðan um átökin í menntunarmálunum, hvort eigi að taka meira tillit til þarfa atvinnulífsins og þarfa atvinnurekenda fyrir sérhæfingu til starfs eða mannsins sem einstaklings og velferðar hans í samfélaginu. Þessi umræða um stefnuna var ákaflega áberandi í Þýskalandi í upphafi þessarar aldar. Þá komu fram sálfræðingar sem gerðu allskonar tilraunir með að velja fólk inn í ákveðnar starfsgreinar með því að rannsaka og mæla hæfni þeirra til að leysa ákveðin verkefni, og skipti þá ekki máli hvort maðurinn hefði þessu starfi á annan hátt eða ekki. Gegn þessari stefnu reis upp skólakennari í Boston árið 1908, ef ég man rétt, og andmælti þessari þýsku stefnu og sagði: Maðurinn er kjarninn í því sem við eigum að ganga út frá. Allt frá því hafa þessar stefnur verið mjög ríkjandi. Þetta er kjarninn í þessum umræðum. Okkur ber að líta á manninn og velferð hans í samfélaginu, en ég neita því ekki að vegna þarfa samfélagsins á því að byggjast upp efnalega verðum við einnig að taka tillit til þarfa atvinnulífsins að gera manninn hæfari til að leysa ákveðin verk af hendi. Þetta þarf að fara saman að vissu marki.

Ingvar: Ég vil taka undir það sem Stefán Ólafur sagði, að það verður að huga að velferð manna í þjóðfélaginu og einnig því að menn geti leyst af hendi þau verk sem þarf að leysa. En ég held þetta fari ágætlega saman í mjög mörgum tilvikum og þurfi

ekki að setja upp sem andstæður. Stefán nefndi að tortryggni væri vaxandi vegna verkmenntunar í fjölbrautaskólum. Mér finnst tortryggni mjög slæmt hugtak og mjög óskytt því sem þarf að vera uppi þegar verið er að fjalla um mál eða rök fyrir því að hlutir ættu að vera með einu móti frekar en öðru. Tortryggni er einhver versta ástæða sem hægt er að tilgreina fyrir því að hlutir ættu að vera með öðru móti en þeir eru. En ef einhver tortryggni er á ferðinni er gott að vita af hvaða rótum hún er runnin. Ef Stefán eða einhver annar veit það væri gott að fá það upplýst hérna og jafnframt hversu víðtæk hún er. Það er mín skoðun og mjög margra annarra og það virðist vera víðtækin skoðun í Bandaríkjunum, að stuðla beri að því jafnhliða öllu öðru námi að bæta kunnáttu manna í almennum undirstöðugreinum (stærðfræði, íslensku og einu erlendu máli). Til þess að auka færni og skilning í öðru námi. Þetta held ég eigi ekki síður við í iðnnámi en annars staðar. Margar iðngreinar verða flóknari, kröfur til iðnaðarmanna fara vaxandi, og til þess að uppfylla þessar kröfur þurfa þeir bæta undirstöðumenntun. Ég er ekki talsmaður þess að almenna menntunin sem iðnaðarmenn fá eigi að vera mikil og af ýmsu tagi, heldur að ekki eigi að gera kröfur til iðnaðarmanna um annað en nauðsynleg undirstöðuatriði, og þau eru í þessum þremur greinum.

Um yfirfærslugildi menntunar held ég það sé enginn vafi að undirstöðugreinar skipti öllu máli. Sá sem hefur þær vel á valdi sínu er maður fær um að afla sér menntunar. Ef maður hefur þær ekki á valdi sínu er mörg vitneskja meira og minna lokuð bók. Ég held að góð starfsmenntun sem byggist á góðri undirstöðumenntun sé besta atvinnutrygging sem hægt er að fá.

Þuríður: Ég er ekki alveg á þessu, að þarna sé eingöngu um einhverja togstreitu að ræða milli hagnýttisstefnu eða pragmatisma og einhverrar húanískrar skólafestefnu. Ég held að eitt hafi gleymst, það er demókratísing á menntunarglukkinu sjálfu, semsé að það sé fleira menntun en akademísk menntun eða undirbúningur að akademískri menntun.

Í sambandi við það sem Stefán Ólafur gat um áðan, að hann hefði orðið var við vaxandi tortryggni

Innlegg í umræðu um gerð námsefnis

vegna þess að iðnskólarnir séu orðnir að iðnfræðslu fjölbrautaskóla eða hluti af samskipan fleiri skóla ætla ég að taka það strax fram að ég er mjög fylgjandi þessum samræmda framhaldsskóla og held að það sé tvímælalaust spor í rétta átt. En hins vegar er ekkert óeðlilegt aðviss tortryggni komi fram. Menn eru orðnir smeykir við það að fagmenntunin sé orðin einhvers konar litli bróðir í griðarstórum menntaskóla, að hún eigi þar ördugt uppdráttar og njóti þar ekki þess skilnings og þess stuðnings sem hún þurfi að hafa og glati kannski þeim tengslum sem hún hafi haft við atvinnulífið sem ég held allir séu sammála um að sé líftaug verkmenntunarinnar. Þetta væri rétt að ræða í sambandi við afskiptarétt samtaka iðnaðarmanna. Ég segi fyrir mig að mér finnst vera ástæða til að vera smeyk við þessa þróun ef ekki er beinlínis lögfestur afskiptaréttur iðnaðarins.

Stefán Ólafur: Ég notaði orðið tortryggni fremur en gagnrýni vegna þess að þeir sem hafa talað við mig hafa efasemdir, eru óruggir og vantrúaðir; hafa vantraust. Þess vegna notaði ég orðið tortryggni í þessari merkingu.

Ég geri miklu skarpari kröfur þegar menn fara að gagnrýna eitthvað en svo að þeir hafi einhverjar efasemdir. Ef gengið er svo nánar á menn og þeir spurðir á hverju þeir byggja þessar skoðanir sínar, reyna þeir að rökstyðja þær með gagnrýni. Og þar kemur fram að það sé eins og þessi verkmenntun sé að fjarlægjast atvinnulífið í landinu, hún sé ekki virk; tíminn í skólunum nýtist ekki vel, það séu ekki gerðar kröfur til nemenda á sama hátt og gerðar eru þegar hann kemur út í atvinnulífið. Skólaárið sé ekki vel nýtt, alltof mikill tími dotti niður dauður. Þegar kennslutíminn er orðinn ekki nema 26 kennsluvikur á ári kemur það harkalega niður á verkmenntunarskólunum.

Sp.: Ég vil koma aftur að umræðunni um almennu grunnenntunina. Það eru sjálfsgat allir sammála um að einhver almennur grunnur þurfi að vera fyrir hendi þó menn séu kannski ósammála um hver hann eigi að vera. Ég kannast við það frá Þýskalandi að nemendur verða að kunna mjög mikið í stærðfræði áður en komið er í sérskóla. Þar verða nemendur einnig að vera vel að sér um samfélagið og

sinn sögulega bakgrunn — þar er t.d. farið óspart í námsefni um tildrög og afleiðingar heimsstyrjaldanna. Hér eru að sjálfsögðu allt aðrar aðstæður. En stærðfræðikunnáttan hér er ekki meiri en svo að vaxtareikningur er alltaf framkvæmdur á mjög svo hæginn hátt samkvæmt reglugerð Seðlabankans, þannig að bankar komast árlega um nálægt 4 prósentum yfir hæstu lögleyfða vexti. Við þetta gerir ekki nokkur maður athugasemd, enda var árum saman notað námsefni í vaxtareikningi þar sem efnismeðferð var beinlínis röng. Þetta kemur inn á samninga-gerð launþegasamtakanna sem er hvergi kennsluefni. Annað atriði sem má tilfæra um félagslega þekkingu manna er skoðanakönnun sem framkvæmd var af Dagblaðinu-Visi á dögnum. Spurt var um afstöðu manna til fjölgunar alþingismanna. Nálega 70% þeirra sem svöruðu vildu fækka þingmönnum, helst um helming, því þeir gerðu aldrei neitt. Þetta eru viðhorf sem ég veit að þjóðverjar reyna að fyrirbyggja vegna þeirrar reynslu sem þeir hafa fengið af stjórnmálakreppum og upplausn í þjóðfélaginu — svo gerður sé nokkuð ýktur samanturður. Ég vildi spyrja ykkur: hver er að ykkar mati hin almenna þekking sem er ómissandi? Ég vil spyrja Stefán Ólaf: hvað er ráðuneytið komið langt áleiðis að marka stefnu í þessu?

Stefán Ólafur: En eins og ég gat um áðan er engin ákveðin stefna til þessu að lútandi. Ráðuneytið á að taka ákvarðanir um stefnumörkun í svona málum, náttúrulega að fenginni yfirsýn hinna fróðustu manna. En þetta tekur nú ekki aðeins til þeirrar undirstöðu sem á að byggja verkmenntunina á. Umræðan tekur núna til þess hvort eigi að stytta almenna námið til undirbúnings háskólanáms; færa framhaldsskólana niður í þriggja ára skóla. Þau sjónarmið eiga nú töluverðan hljómgrunn hér á landi að við færum framhaldsskólana niður í þrjú ár í staðinn fyrir að í tillögunum sem við settum fram í framhaldsskólaférfndinni 1976 var gert ráð fyrir fjögurra ára skóla. Við vorum strax gagnrýndir fyrir þetta í nefndinni. Það eru uppi sterkar raddir um að við eigum ekki að hafa lengri framhaldsskóla hér á landi en gerist í nágrannalöndum okkar. Nú er þetta áberandi, kannski vegna þess að það er orðið þrengra um fjármál. Það hefur áhrif á þann grunn

Kveikjan að þessum skrifum er fundur sem fræðslunefnd SIÍ boðaði til 4. mars s.l. með kennurum sem kenna iðnteikningu húsasmiða og múrara. Ástæðan fyrir fundinum er m. a. sú að sagður er skortur á námsefni í þessari námsgrein.

Kynnt var á fundinum áfangalýsing fyrir iðnteikningu húsasmiða, sem samin hefur verið á vegum Iðnfræðsluráðs.

Menn höfðu ýmislegt við þessa áfangalýsingu að athuga og við hana að bæta.

Helst fannst mönnum vanta að hægt væri að lesa út úr henni hvað raunverulega ætti að vera innihald væntanlegs námsefnis t. d. hvað ætti að leggja mikla áherslu á og hvað litla.

Nokkur markmið eru ljós í áfangalýsingu þessari:

— Leggja áherslu á vandaðan frágang.

— Geta lesið allar gerðir mannvirkjateikninga, þar með tákni.

— Skrifa tiltekinn fjölda blaða með teikniskrift og áritað teikningar.

— Geta málsett teikningar.

— Blekteikna (tússa) nokkur verkefni.

— Setja upp verkefni á teikniblað.

— Og kóperað (hermt) fjöldan allan af teikningum.

Margt virðist vanta í þessa upptalningu.

Ekki er gert ráð fyrir að nemar læri að leita að og notfæra sér upplýsingar á neinn hátt t. d. styðjast við handbækur, staðla, skoða smíði, mæla upp hús og húshluta eða taka tillit til vinnuaðferða. Ekki örlar neitt á því að nemar teikni eitthvað frá eigin brjósti og fái aðstoð við það.

Mönnum kom saman um að markmiðið með iðnteikningu væri fyrst og fremst að kenna mönnum að lesa teikningar.

Ef svo er þá er það nokkuð seinleg leið sem valin er að láta nema skrifa teikniskrift tússa og teikna fjölda blaða eftir gefnum fyrirmyndum (kóperingarvinna) nemar ættu þá alveg eins að geta unnið verkefni sem reyndu á hæfni þeirra í að lesa teikningar. Sá grunur læðist að hvort hugtakið að teikna sé nú notað yfir vinnuna að kópera (herma) stækka upp og minnka niður en hugtakið að hanna hafi komið í stað þess sem áður var kallað að teikna.

Undarlegt má teljast ef námsgrein sem kennd hefur verið í hálfu öld eða lengur, af lærðum og lang-

skólagengnum mönnum, hefur ekki leitt í ljós einhver undirstöðuatriði, megin þætti, vissar reglur, vissan frágang, ákveðnar vinnuaðferðir o. fl.

Nú niðurstaðan af þessum fundi varð sú að valin var nefnd sem skila á til fræðslunefndar tillögum um hvað væntanlegt kennsluefni skuli innihalda.

Áður en hafist er handa við að útbúa námsefni verður að:

1. Spyrja fyrst og alltaf. Hvað kemur viðkomandi best til að leysa sitt verk sem húsasmiður.

2. Breyta verður algjörlega um hugsunarhátt og aðferðir við kennslu þessa fólks.

a. Það verður fyrst og fremst að kenna því að leita að og hagnýta sér upplýsingar.

b. Samhæfa bóklegt og verklegt þ. e. við lausn verklegra hluta teikningu og í smíði verður nemi að styðjast við bókleg fræði.

c. Örva þarf nema til að koma með og hjálpa þeim við að leysa elgin hugmyndir.

3. Skoða það sem til er hjá kennurum og hagnýta sér það.

Sú spurning vaknar því í framhaldi af þessu, hvort ekki þyrfti að endurskoða eða móta stefnu sem ætti að hafa að leiðarljósi þegar semja á námsefni fyrir iðnfræðsluna.

Núna að undanförunu hafa heyrst nokkuð háværar raddir um það að auka þyrfti almennt nám í iðnfræðslunni.

Það mætti kalla það svik við nemendur sem sækja inn í skóla til að læra tiltekið starf ef almennt bóklegt nám verður aukið á kostnað fagnáms.

Ráð er að stórbæta og leggja miklu meiri rækt við fagbóklega efnið þannig að þar yrðu nemar að beita sér við notkun ísl. máls, lestur erlendra fagbóka og notkun stærðfræði í tengslum við þá iðn sem viðkomandi er að læra.

Þetta gerir meiri kröfur til kennara. Knýr almenna- og fagkennara til samstarfs sem full þörf er á.

Taki það nú enginn svo að hér sé verið að andmæla almennri menntun, en litil von er til þess að framhaldsskóla takist að kippa því í lag á stuttum tíma sem grunnskóla tókst ekki á 9 árum.

Hallgrímur Guðmundsson

Fréttapistill frá Selfossi.

Fjölbrautaskólinn á Selfossi tók við starfsemi iðnskólans á Selfossi haustið 1981, og síðan hefur iðnnám verið hluti fjölbrautaskólanáms hér á staðnum.

Við iðnskólann hafði verið reistur fyrsti hluti verknámshúss og þar voru teknar til starfa grunndeildir í málmíðnum og tréiðnum. Á vorönn 1982 fékkst samþykki fyrir þriðju grunndeildinni, í rafíðnum, og jafnframt fyrir framhaldsnámi í málmiðnadeildinni. Þrátt fyrir mikil þrengsl starfa því þrjár grunndeildir við skólann nú.

Að öllum búnaði má kalla málmiðna- og tréiðna-deildirnar nokkuð vel settar. Verið er að efla rafíðna-deild með öllum ráðum — en vitanlega líður þessi skóli fjáðskort eins og aðrir.

Nemendur í iðnnámi (verknám og samningsbund-ið) eru nálægt þriðjungi allra nemenda skólans.

Heldur virðist um sinns sakir draga úr aðsókn í tréiðni, en óvíst hvort það verður varanlegt.

Þótt reynsla sé að sjálfsögðu skömm af samþættingu iðnnáms og hefðbundins bóknáms hér á bæ eru menn samdóma um að margt jákvætt hafi þegar komið fram. Það eru okkur því mikil vonbrigði að nýjar tillögur iðnfræðisluráðs um áfangalýsingar skuli í nærfellt öllum greinum stuðla að sundurgreiningu í „sérskóla“. Auk þess þykir okkur sýnt að námið verði miklum mun dýrara með því móti sem þar er lagt til en verið hefur, og raunar óvíst hvornig öllu reiðir af við skóla sem alls hefur þessa önnina um 300 nemendur. Allt kann þetta þó að batna með hækkandi sói.

Heimir Pálsson



Stefán Ólafur Jónsson



Steinar Steinsson



sem við byggjum á í sérhæfðum greinum. En það er alveg ljóst að þetta sérhæfið að tengjast saman. En þetta eru bara hræringar sem ég er að segja frá sem eru svífandi núna. En meðan löggjafarsamkoman hefur ekki ákvarðað um jafn mikilvæg stefnumál eins og framhaldsskólana í landinu, þá getur náttúrulega ýmislegt gerst í þessu, eins og t.d. það að fram komi nýtt afl sem krefjist þess að nú verði framhaldsskólarnir okkar 3 ár í stað 4 og að við spörum á því fjármuni.

Sp.: Fylgir þessu sú hugmynd að greina almenna menntaþáttinn alveg frá verkmenntuninni?

Stefán Ólafur: Nei, en það fylgir því að það elgi ekki að auka almenna þáttinn á þeim brautum sem sérhæfingin er á. Það verður að byggja sérhæfinguna á þeirri almennu menntun sem fengin er í grunnskóla. Röð þeirra sem halda þessu fram eru þau að verkmenntun sé að greinast hjá okkur í þrep. Á lægsta þrepi gætum við hugsað okkur iðnsveina, þó rætt sé um að fá eitt þrep fyrir iðnverkamenn eða sérhæfða verkamenn. Næst þar fyrir ofan eru meistarnir. Þar hef ég alltaf haft þá skoðun að það ætti að þyngja námið fyrir iðnaðarmennina, en meistarnir eiga að fá aukið nám. Síðan koma tæknarnir, tæknifræðingarnir og verkfræðingarnir. Hvert þrep verði með skilgreind námslok sem eru opin — samkvæmt hugmyndum okkar í framhaldsskólaneindinni — til að menn geti flutt sig frá einu þrepi yfir á annað.

Óskar: Ég vil að eins fá að spyrja vegna umræðunnar um almennar greinar og almenna þekkingu. Ég man eftir því að á sínum tíma gerði kennari við Tækniskólann samanburð á grunnskólamenntun hér á landi og í Danmörku. Hann komst að þeirri niðurstöðu að danskir jafnaldrar þeirra sem ljúka grunnskólaprófi hér væru komnir sem samsvaraði einu skólaári lengra í almennri menntun þegar þeir kæmu út. Nú spyr ég: er ekki best að bæta þennan almenna menntunarskort sem við erum að tala um á framhaldsskólastiginu með því að hrista upp í grunnskólanum frekar en að vera að auka við þetta á framhaldsskólastiginu?

Ingvar: Ég er sammála Stefáni Ólafi um að það elgi ekki að þyngja námið til sveinsprófs, og alls ekki nema það sé einhver ástæða til; það kynni að vera

í einhverjum greinum. En ég er því andvígur að þyngja það bara til að þyngja það.

Ég er líka sammála því sem hann sagði að það ætti að vera þrepanám, að meistaranámið ætti að vera í eðlilegu framhaldi af námi til sveinsprófs og tæknifræðinámið í eðlilegu framhaldi af því, þannig að menn geti farið þarna eðlilegar brautir, og meistaranámið sé ekki þannig á skjön, eins og það er að estu löyti núna, að þeir sem ljúka því hafa ekkert gagn af ef þeir ætla til dæmis að halda áfram í tæknifræðinámi. Ég held að þarna eigi að reyna að samræma þau markmið sem meistarnir þarf að uppfylla og þarfir nemendanna til framhaldsnáms. Ég held að þetta verði að skoða mjög vandlega og reyna að leysa á þann hátt sem Stefán var að tala um.

Um almenna námið vil ég segja að ég held það sé rétt að fallast á það að almennri grunnnurinn sé lagður í grunnskólunum. Ég held það sé ekki ágreiningur um það. Þegar ég tala um undirstöðugreinar, stærðfræði, íslensku og erlend mál, þá er ég ekki að gera lítið úr grunnskólanum. Ég er orðinn leiður á að eitt skólastig kenni alltaf því næsta á undan um það sem úrskaiðs fer hjá því. Ég held við ættum að venja okkur af því og reyna að gera eins vel og við getum, hver á sínu sviði. Þannig tel ég að við í framhaldsskólunum eigum að reyna að bæta almenna menntun, þ.e.a.s. almenna undirstöðumenntun, vegna þess að hún skiptir hvern mann svo miklu máli; að það elgi að nota tækifærið meðan nemendur eru hjá okkur að kenna þeim eitthvað í þessum greinum, líka vegna þess að það er hægt að sýna þeim fram á það í skólanum að þetta er gagnlegt fyrir þá. Það er hvergi betra tækifæri en í verknáminu að sýna mönnum fram á það að þeir þurfa að geta lesið handbækur og fagbækur, það þarf að halda þessum bókum að þeim. Þeir eiga þá að geta séð betur en áður að það er nauðsynlegt að læra þessar undirstöðugreinar. Þeir eiga að fá tækifæri til þess meðan þeir eru í skóla, og við verðum að gera einhverjar kröfur um að þeir geri þetta. Þetta held ég að mætti gera með því að skera niður aðrar almennar greinar sem ég held að mjög auðvelt væri að taka inn í grunnskólann. En ég held það séu allir sammála um að það eru takmörk fyrir því hvað einn maður getur

lært í undirstöðugrein á ákveðnu aldurstigi, þetta er þroskaatriði. Þannig að það þarf að nota allan tímann sem menn eru í skólanum til að bæta þá í þessum undirstöðugreinum. Við t.d. sem erum hér mættum gjarnan vera betri í þessum greinum og þá gengi okkur sjálfum betur að vinna okkar störf.

Steinar: Það er ákaflega viðtæk spurning hvað er undirstaða og hvað ekki. Sumir líta á einhverjar almennar greinar sem undirstöðugreinar, en það er vafasamt að túlka að það séu endilega þær; t. d. að það séu mál eða annað. Það eru ákaflega margir hlutir sem eru undirstöðumenntun. Það fer að sjálf-sögðu eftir því hvað maðurinn ætlar sér að starfa. Margt af því sem maðurinn þarf að tileinka sér fyrir það starf sem hann ætlar að vinna við er undirstaða þess að hann geti haldið áfram að tileinka sér í starfsmenntuninni það sem þarf. Þegar við tölum um undirstöðumenntun er komið út í mjög fjölbreyttan flokk námsgreina. Ég held maður verði dálítið að vara sig á því að segja að þessar gömlu hefðbundnu greinar séu endilega undirstöðugreinar. Í starfi manna eru náttúrlega vissar greinar mjög þýðingarmiklar og ég er alveg sammála því að tungumálaþekking fyrir þá menn sem þurfa að lesa handbækur, bæklinga o. þ. u. l. í sambandi við starf sitt er hluti af fagnámi. Það er hægt að afla sér þessarar þekkingar á margvíslegan hátt, t. d. með því að vera í skóla, eða með því að starfa erlendis o. s. frv. Það er ekki frumskilyrði að það eigi að vera á tilteknum stað sem menn tileinka sér þessa þekkingu. Það er því rangt að slá þessum hlutum svona fram. Skólinn hlýtur að taka við nemendum sem koma úr grunnskólunum, og hvort sem við viljum setja út á grunnskólann eða ekki, hljóttum við að geta komist lengra með þá í framhaldsskólunum því betri sem undirbúningurinn er fáum úr grunnskólunum. Það er líka augljóst að hæfileikar nemenda sem við fáum úr grunnskólunum eru einstaklingsbundnir og mismunandi. Þá vaknar sú spurning hvort framhaldsskólinn þurfi ekki að þjóna þessu fólki með mismunandi hætti til þess að koma því eins langt og frekast er unnt, í stað þess að hafa munstrið mjög stíft. Ef maður hefur munstrið mjög stíft er í raun verið að reyna að móta alla eftir kerfi og slá því föstu að sú þekking sem þarna er á ferðinni sé sú rétta,

og svo séu menn útlærðir þegar skammturinn er fenginn. Hins vegar er ég sammála því að það verði að setja einhver mörk, og þau megi ekki vera of ströng. Því að ef við gerum kröfurnar of miklar er verið að loka fyrir innstreymi í starfsgreinar sem þær alls ekki þola. En það er staðreynd að þó við gætum ekki komið nema 10 til 20% sem taka sveinspróf það langt að þeir séu með betri menntun en hin 80 prósentin, þá er það stór ávinningur fyrir alla starfsgreinina. Þessir menn hafa það mikil áhrif að það er til mikilla framfara. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að bæta við áföngum t. d. í ensku eftir grunnskólann, en ég sé ekki að það þurfi að vera fall þó að nemandi ljúki ekki þyngri áfanga en nú er. Menn eiga að geta tekið sveinspróf þó að þeir hafi ekki nema lágmarksþekkingu á ensku, til dæmis eins og einn áfanga. En ef við fáum 30 til 40 prósent til að ljúka áfanga til viðbótar erum við að vinna aukna þekkingu inn í stéttina. Ég held það sé mikið atriði að reyna að vinna betur með það fólk sem getur aukið kunnáttuna án þess þó að rammleasa fyrir þá sem ekki hafa getu til að ná miklum árangri á þessum tíma-mörkum sem þarna er um að ræða. Menntun á faglegu sviði er ákaflega þýðingarmikil og ég vil halda fram að hún sé undirstöðugrein fyrir starfsgreinina þannig að það er ekki hægt að leggja hana til hliðar. Og ég held að hægt sé að koma fyrir ýmis konar menntun samtímis menntun á faglegu sviði. Það má benda á að þegar menn skrifa verkefni í tengslum við sitt nám þá eru þeir í eins konar íslenskunámi. Þeir eru þá að semja eða setja niður hugmyndir sem er afskaplega mikilvægt fyrir hvern einstakling að geta gert.

Ég vil koma að þeim hugmyndum sem Stefán Ólafur sagði frá um að stytta framhaldsskólann niður í þrjú ár af sparnaðarástæðum. Ég held að það sé rétt að spara á þessum vettvangi með þeim hætti að miðla meiri þekkingu fyrir sama fé. Ég hef iðulega sagt það um framhaldsskólann og háskólastigið að dýrasta strik á Íslandi er strikið þarna á milli. Ég tel enga ástæðu til að hafa strik á milli háskóla og framhaldsskóla. Að mínum dómi á að flytja það nám í H.Í. sem hægt er að kenna á framhaldsskólastigi, niður á það stig þannig að ef einhver nemandi í framhaldsskóla er ákveðinn í hvað hann ætlar að læra, til

Frá Sambandi iðnfræðsluskóla

Samband iðnfræðsluskóla hefur haldið nokkra fræðslufundi í vetur. 23. nóv. s.l. var haldinn fundur með fulltrúum sambandsins í fræðslunefndum iðngreina og 24. nóv. með kennurum í ensku og dönsku.

22. febr. s.l. var fræðslufundur með kennurum í ensku og daginn eftir með kennurum í dönsku, og 4. mars s.l. var haldinn fundur með kennurum um iðn-teikningu (múr og tré). Allir þessir fundir voru haldnir í Iðnskólanum í Reykjavík nema fundurinn 4. mars hann var haldinn í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Þessir fundir voru mjög gagnlegir.

Ennfremur voru eftirtaldir fundir haldnir síðari hluta mars-mánaðar um áfangalýsingar (tíu iðngreina) er samdar voru á haustmánuðum 1982 af sérstökum vinnuhópum í samráði við fræðslunefndir og iðnfræðsluráð. 18. mars — málmiðnaður (IH). 21. mars — byggingar- og tréiðnaður (FB). 22. mars — rafíðnaður (IR).

28. febr. s.l. tilnetndi stjórn S.Í.Í. fulltrúa sína fræðslunefndir iðngreina — en kjörtímabil fræðslunefndanna sem setið hafa s.l. fjögur ár rennur út marslok. Birt verður skrá yfir fulltrúa sambandsins nefndunum í næsta hefti „Fréttabréfs“.

Á kynningafundunum um áfangalýsingar — í málmiðnaði, bygginga- og tréiðnaði og rafíðnaði, var samþykkt með samhljóða atkvæðum fundamannanna ályktunartillaga, þar sem segir: „Fundur kennara og fræðslunefndamanna ályktar, að starf það sem unnið hefur verið á vegum Iðnfræðsluráðs um gerð áfangalýsingum — sé lofsvert framtak og leið að settu marki um bætt nám nemendum til handa. Æskilegt er að hið almenna nám sé aukið — en það má þó engan hátt verða á kostnað hins fagbóklega — verklega náms.“

Iðnfræðsluráði var send þessi ályktunartillaga í bréfi dags. 24. mars sl.

Frá fræðslufundi SÍÍ — í rafíðnaði haldinn í IR 22/3'82



Fréttir frá F.A.

Töluverður kraftur hefur verið í uppbyggingu Fjölbautaskólans á Akranesi að undanförunu. Í haust við kennslubyrjun voru ný verknámshús skólans tekin formlega í notkun. Er um að ræða tvö samtengd hús sem eru alls 1040 m² að grunnfleti. Í öðru húsinu er aðstaða til verknámskennslu í málmíðnum en í hinu eru verkstæði rafíðnadeildar og vélstjórnarsalur sem þjónar vélstjórnarkennslu og vélfræðigreinum. Hús þessi eru í alla staði hin glæsilegustu og er næsti byggingaráfangi verkstæði tréíðnadeildar en hún býr nú við afar þröngan kost í gömlu húsnaði fjarri skólanum. Þessi nýju verknámshús kostuðu um 7,4 millj. kr. á verðlagi í desember 1982.

Á haustið 1983 voru 134 nemendur á tæknisviði skólans en í dagskóla alls 128 nemendur. Verknámsbrautarnemendur voru alls 67 þar af 33 í rafíðnadeild, 19 í tréíðnadeild og 15 í málmíðnadeild. Í október og nóvembermánuði gekkst skólinn fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir iðnaðarmenn. Rafvirkjar áttu kost á 32 stunda námskeiði í PLC stýringum og sóttu það 8 rafvirkjar. Fyrir málmíðnaðarmenn var haldið námskeiði í loftstýringum var það einnig 32 stunda námskeið og sóttu það 12 manns. Þá hefur skólinn veitt öðrum aðilum aðstöðu til námskeiðahalds: sveinatélagi málmíðnaðarmanna á Akranesi og Járnblandiveksmiðjunni á Grundartanga.

Nú um áramótin hófst kennsla á meistaranámsbraut fyrir byggingamenn. Stunda nú 17 vaskir sveinar nám á þessari braut en námstími er þrjár annir. Þykir það sæmlegt þar sem 24 innrituðust í námið í upphafi annar.

Veruleg aðsókn utanbæjarnemenda hefur verið að öllum deildum skólans. Í skólanum eru nú í vetur 120 nemendur af Vesturlandi að Akurnesingum frá töldum, en alls eru utanbæjarnemendur nær 170 talsins. Er nú ljóst að aðstaða þessara nemenda í skólanum mun batna verulega á næstunni þar sem framkvæmdir við nýtt heimavistarhús eru nú hafnar. Verður þar rúm fyrir 64 nemendur. Skólinn mun því í náinni framtíð geta betur sinnt því hlutverki að vera miðstöð verknámsfræðslu á Vesturlandi.

Menntamálaráðherra Ingvar Gíslason tekur skóflustungu að heimavistarhúsi FA 5/3'83.



dæmis að verða viðskiptafræðingur eða eitthvað annað, þá á hann að geta tekið stefnu á það nám strax á framhaldsskólastiginu. Hann gæti þá verið kominn talsvert áleiðist í þessu háskólanámi sem kallað er í dag þegar hann er búinn að ljúka þessum fjórum árum. Það væri miklu viturlegra að taka þetta strík alveg í burtu og tengja þetta saman sem starfsmenntun, sem er þá hægt að byrja á miklu fyrr, strax á framhaldsskólastiginu og halda síðan áfram og ljúka á háskólastiginu.

Varðandi þrepamenntunina sem talað var um þá er hún er út af fyrir sig ágæt. Það er mikilvægt að þegar menn hafa lokið námi sé til framhald. En því miður er þetta ekki svona. Þegar talað er um að meistaranám sé eðlilegt framhald á námi iðnsveina kemur í ljós að þarna er töluverður eðlismunur á. Annað er fagmenntun, hitt er rekstrarleg og stjórnunarleg menntun að langmestu leyti. Eitt merkilegt fyrirbæri hef ég rekist á og undrast mjög mikið; ég sit núna í skólanefnd Tækniskólans, þar hef ég rekist á að nemandi sem kemur til dæmis úr Vélaskólanum og er búinn að fá töluvert mikla tæknilega þekkingu verður að byrja þar upp á nýtt í sínu námi. Fyrra nám hans er einskis metið. Þarna hlýtur að vera brotalið. Nemandi sem er iðnlærður og búinn að fá starfseynslu er settur á sama bekk í Tækniskólanum og maður sem kemur með einhverja óljósa pappíra um að hann hafi verið einhvers staðar úti í atvinnullifinu. Þetta eru hlutir sem geta engan veginn fallið saman þegar talað er um þrepamenntun. Menn verða að gæta þess að þrepin séu þannig gerð að þau skapi ákveðna virðingu og viðurkenningu.

Í mörgum faglegum áföngum sem menn kalla svo, ég vil nú heldur kalla það einingar, er oft allmikið innifalið af öðru námi; þetta gera menn sér ekki alltaf ljóst. Það getur verið meira eða minna af eðlisfræði eða stærðfræði í faglegu námi. Menn átta sig ekki alltaf á þessu þegar verið er að ræða hvar meta á þetta nám til eininga. Ég hef stundum talað um að vantaði einhvers konar skólarannsóknadeild á tæknisviði, ekki til að vinna eins og skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins gerir nú, því að hún fæst við allt annað, heldur til að fara ofan í svona hluti og leggja mat á hvað felst raunverulega í svona einingu til þess að hún verði viðurkennd á réttan hátt.

Ég hef verið langorður og hætti núna svo að aðrir geti komist að.

Sp.: Ég vil skjóta því hér að að Stefán Ólafur verður að yfirgefa fundinn núna vegna anna á öðrum stöðum. Ef menn vilja beina einhverju til hans eru það síðustu forvöð.

Ingvar: Menntaskólanám er í sjálfu sér hægt að stytta, vegna þess að það er tiltölulega lítil hnitmiðaður undirbúningur að háskólanámi.

Jón: Ég vildi lýsa mikilli velpóknun á ræðu Steinar. Ég er alveg sammála styttingu menntaskólans um eitt ár, því að þessi gamli og hefðbundni menntaskóli er bara tímaskekkja og mætti leggjast niður.

SP.: Ég þakka Stefáni Ólafi komuna og setuna hér. Ég vildi núna taka til umræðu verkaskiptingu iðnfræðsluskólanna og samræmingu kennslu í þeim. Á aðalfundi Sambands iðnfræðsluskóla nú í haust var birt álitserð sem skýrt er frá annars staðar hér í blaðinu. Þar er m. a. mælt með verkaskiptingu iðnfræðsluskóla. Ég vil spyrja hér: er ástæða til að skipulögð verði verkaskipting skólanna, eru iðnfræðsluskólar of margir, hvaða sérstöðu hefur iðnskólinn í Reykjavík?

Purður: Ég er á því að það sé ástæða til að stjórna þessu nokkuð. Ég held menn hafi nú heldur smokrað sér undan því. Menn hafa meira og minna verið að kenna allar iðngreinar alls staðar án þess að gert hafi verið það sem þarf til þess. Ýmislegt er hægt að gera til að koma á móts við þessa litlu skóla sem eru með lítinn nemendafjölda og geta aldrei haft bolmagn til að halda uppi sérfræðilegu námi eins og stóru skólarnir geta. Það verður þá að útvega þeim námsgögn og hafa það sem kallað hefur verið nemandastýrt nám, þannig að nemendur geti sjálfir stýrt sínu fagnarnámi. En slíkt hefur ekki verið til. Ég held þó að það sé betra og öruggara að skipuleggja verkaskiptingu skólanna en að reyna að koma með einhverjum sérstökum aðgerðum á móts við þessa litlu skóla. Kannski fækka skólunum. Í sambandi við sérstöðu iðnskólans í Reykjavík finnst mér að þurfi að viðurkenna hana meira en gert hefur verið. Hann er svo miklu stærri skóli en allir hinir og ég veit ekki nema það ætti að gjörbreyta stöðu hans; gefa hann að öllu leyti að ríkisskóla, gera hann að sérstökum

þróunarskóla fyrir verkmenntunina og jafnvel að endurskoða skipulag hans. Hér mætti hafa deildir með meiri sjálfsstjórn og meira sjálfræði til að prófa bæði kennsluaðferðir, námsgögn og tæki. Þá þarf hann að sjálfsgöðu meira fé og meira sjálfræði en hann hefur í dag.

En það var spurt um samræmingu kennslu. Ég held það sé hægt að ganga of langt með samræmingu. Það má ekki drepa niður frumkvæði og hugmyndir fólks með því að pína það inn í allt of samræmt kefi. Ég mundi ekki styðja algera samræmingu á námsefni, og heldur ekki algerlega samræmd skólapróf. Hins vegar er það svo, að minnsta kosti eins og kerfið er í dag, að margir skólar eru of veikburða til að halda uppi þessu faglega námi, svo að þeir þyrftu að hafa stuðning af prófbönkum og verkefnabönkum. En í þessu veikburða kerfi hefur oft komið fram mjög gott og gagnlegt frumkvæði ekki síður úr litlu skólunum en þeim stóru, þannig að ég mundi ekki mæla með því að það yrði drepnið niður með of mikilli stýringu.

Mér finnst þó fremur ástæða til að samræmd sveinspróf verði tekin upp. Sveinspróf eru ekki bara próf; þeim fylgir ávísun eða löggildin til ákveðinna starfa, hún er einkaleyfi á störfum og mér finnst allir, bæði iðnaðarmenn og viðskiptaaðilar þeirra eiga heimtingu á því að það sé einhver ákveðinn mælikvarði á hæfni og kunnáttu manna sem liggja að baki slíkri ávísun á einkaleyfi til starfa.

Ingvar: Ég er í meginatriðum mjög sammála því sem kom fram í máli Þuríðar. Ég tel það sé sjálfsagt að skipuleggja eigi verkaskiptingu iðnfræðsluskóla. Það er til dæmis greinilegt að við erum með málmiðnakennslu of víða hér á Reykjavíkursvæðinu og ekki nægilega vel útbúna; það hefði verið betra að hafa þetta á færri stöðum og kosta meiru til. Ég skal ekki um það segja hvað hún þyrfti að vera á mörgum stöðum hér á svæðinu, en það er greinilegt að við erum með of mörg námspláss, það er mjög fjarri því að þau fyllist og aðstaðan er ekki nógu góð.

Um fjölda iðnfræðsluskóla held ég megi segja að frá skipulags- og frá rekstrarsjónarmiði væri betra að hafa þá færri. Það koma önnur sjónarmið inn í þetta, og til þess að geta metið þau þarf að þekkja til í hinum ýmsu landshlutum. Það geri ég ekki, ég vil ekki

leggja neinn dóm á þau, til dæmis hvort byggðarlag eins og Austurland þyldi það að iðnfræðslan yrði flutt þaðan burtu.

Sérstaða iðnskólans í Reykjavík er mikil vegna stærðar hans og vegna þess hvað hér eru margar iðngreinar og vegna þess að hann er í rauninni landsskóli í mjög mörgum iðngreinum. Þess vegna er ég sammála því sem Þuríður sagði, að það er að mörgu leyti eðlilegt að hann sé ríkisskóli.

Ég er samt þeirrar skoðunar að skólar eru stofnanir af því tagi að þeim sé stuðningur af að vera nálægt fólkinu sem nýtur þjónustu þeirra. Ég held það sé til dæmis tyrkur fyrir fjölbrautaskólana úti á landi að vera bæjar- eða héraðsskólar svo að þeir séu studdir af fólkinu kringum þá sem sér ýmsar þarfar uppfylltar í skólanum. Þetta er kannski ekki eins augljóst í eins stóru byggðarlagi og Reykjavík. Iðnskólinn í Reykjavík þjónar svæði sem býr á meira en helmingur landsmanna. Það er minni beinn stuðningur af sveitarfélögunum þegar það er orðið svona stórt en er í minni sveitarfélögunum. Samt sem áður tel ég að skólinn hér hafi fengið mikinn stuðning frá borginni og ég er satt að segja svolítið smeykur um að sumt af því sem borgin hefur látið skólanum í té af áhuga og fúsum vilja yrði erfið að sækja í stærra kerfi. En vegna þess að skólinn er að mörgu leyti landsskóli er ekki hægt að neita því að það er í ýmsu tilliti rökrétt að hann sé ríkisskóli.

Hugmynd Þuríðar um að skólinn verði þróunarskóli og að þar fari fram tilraunastarfsemi er góð en ég held hann hafi verið það, þó það hafi verið óformlegt. Vitaksuld er ég sammála því að það væri æskilegra að skólanum verði búin aðstaða til að gegna því hlutverki.

Steinar: Ég verð að segja að tveir síðustu ræðumenn reka stífan áróður fyrir sérhagsmunum iðnskólans í Reykjavík og vilja greinilega láta hann fá mikið umfram það sem á að bjóða öðrum framhaldsskólum. Ég held það sé hrein fjarstæða sem verið er að segja, að í litlum sveitar- og bæjarfélögum þjóni menn þessum skólum svo vel en í stórum sveitarfélögum verði allt út undan. Staðreyndin er sú að þegar á að byggja upp skólastofnun, byggja litlu sveitarfélögin, sem hafa ekki efni á að byggja dýrar deildir, ódýrari deildirnar, og það sem snertir verkmenntun

vegna bókaútgáfu. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

6. Iðnfræðsluráð.

Jón Böðvarsson flutti erindi um störf iðnfræðsluráðs á starfsárinu. Pálmar Halldórsson frá Iðnnemasambandi Íslands kvaddi sér hljóðs og sagði það stefnu INSÍ að stuðla að auknu verknámi í skóla — en eftirlit með starfsþjálfun í atvinnulífinu væri mjög ábótavant og væri þar gengið á rétt nema. Nokkrir fleiri tóku til máls.

Kaffihlé var nú gefið og þágu fundarmenn myndarlegar veitingar í boði Iðnskóla Akureyrar. Að loknu kaffihléi hófst fundur að nýju.

Samþykkt var að skólagjald fyrir skólaárið 1983—84 skuli vera kr. 80.00 á bóknaðsönn fyrir hvern nema á iðn- og tæknibrautum.

7. Lagabreytingar.

Jón Böðvarsson flutti tillögu frá stjórn S.I.I. um lagabreytingu. Tillagan hljóðaði upp á nafnstyttingu sambandsins. Fundurinn samþykkti að fresta að sinni öllum lagabreytingum en kjósa heldur millipinganefnd til að endurskoða lögina í heild. Kjörnir voru í laganeðfndina (millipinganefnd) þeir Ágúst B. Karlsson, Ólafur Ásgeirsson og Pálmar Ólason.

8. Kosningar.

Samkvæmt tillögum uppstillinganefndar kaus fundurinn eftirtalda menn í trúnaðarstöður sambandsins:

Stjórn S.I.I. Pálmar Ólason, Helmir Pálsson (til tveggja ára). Fyrir er í stjórn: Ingvar Ásmundsson form S.I.I.

Varastjórn: Aðalgeir Pálsson, Gerður Óskarsdóttir, Guðmundur Hjálmarsson (til eins árs).

Stjórn Iðnskólaútgáfu: Jón Böðvarsson (til tveggja ára). Fyrir eru í útgáfustj.: Ólafur Ásgeirsson form. og Steinar Steinsson.

Varamenn í útgáfustjórn: Ágúst B. Karlsson, Bogi Arnar Finnbogason og Gísli Friðgeirsson (til eins árs).

Endurskoðendur: Engilbert Guðmundsson, Jón Snorri Ásgeirsson (til eins árs).

Varaendurskoðandi: Aðalsteinn Thorarensen.

9. Önnur mál.

Steinar Steinsson flutti tillögu, sem samþykkt var samhljóða — um „að fela stjórn sambandsins að beita áhrifum sínum til að skipulag námskeiða KHÍ í kennslufræðum fyrir starfsmenntakennara verði endurskoðað — svo það stuðli örugglega að framförum í starfsmenntun“.

Þá var dagskráin tæmd — og kvaddi þá formaður sambandsins sér hljóðs. Þakkaði hann frábæran móttökur, fundarmönnum góða fundarsetu og óskaði þeim alls velfarnaðar — og sleit síðan fundinum rétt fyrir kl. 19.



Þórarinn B. Gunnarsson var ráðinn framkvæmdastjóri S.I.I. sumarið 1977 og hefur nú sem starfssvið framkvæmdastjórn Iðnskólaútgáfunnar og Iðnskólabúðarinnar ásamt fjármálum sambandsins.

kvæmdastjóra hjá sambandinu með Þórnari B. Gunnarssyni sem verður áfram í starfi framkvæmdastjóra og sér um lðnskólaútgáfuna, búðina og fjármálin en T.Þ. um hina félagslegu hlið starfseminnar.

Stjórnin hélt 25 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu.

2. Skýrsla fræðslunefndar.

Ingvar Ásmundsson flutti einnig skýrslu fræðslunefndar S.I.I. en hún hélt þrjá fundi á starfsárinu. Nefndin skipaði ritnefnd, sem sá um útgáfu „Fréttabréfs“ S.I.I.

3. Skýrsla ritnefndar.

Þórarinn B. Gunnarsson flutti skýrslu ritnefndar og gat þess að tvö hefti „Fréttabréfs“ hefðu komið út á starfsárinu.

4. Skýrsla stjórnar lðnskólaútgáfu.

Ólafur Ásgeirsson flutti skýrslu stjórnar lðnskólaútgáfunnar. Ólafur gat þess að helsta verkefni stjórnarinnar hefði verið að fást við fjármál útgáfunnar og taka ákvarðanir um útgáfubækur og öflun kennslutækja fyrir skólana. Bókaðir stjórnarfundir voru 14 á starfsárinu.

5. Reikningar.

Þórarinn B. Gunnarsson las og skýrði reikninga lðnskólaútgáfunnar og sambandsins. Í reikningunum kemur fram að tekjuafgangur á starfsárinu nam rúmlega 300 þús. kr. en rekstrarfjárstaða fyrirtækisins var mjög erfið einkum vegna nauðsynlegrar birgðaukningar. Rekstrarfjáskorturinn kemur fyrst og fremst fram í lok starfsárs í aukningu lausaskulda

og kostar meira fé verður lagt til hliðar. Þegar litlu sveitarfélögin byggja upp skóla eru það sömu mennirnir sem borga skattana og taka þessar ákvarðanir. Það er augljóst að það er mjög erifitt að fá það fjármagn í litlu sveitarfélögum sem til þyrfti. Þannig að þessi málflutningur á ekki við rök að styðjast. Varðandi þá spurningu hvort eigi að miðstýra skólum og hafa þá á tiltölulega fáum stöðum hafa menn kannski töluverðan rökstuðning þegar talað er um stærð rekstrareiningar, og slíka hluti, en mín skoðun er sú að þegar verið er að byggja upp fjölbrautaskólakerfi og reyna að koma náminu í einingar er að verulegu leyti verið að reyna að mæta þörfum dreifbýlisins.

Ég rek fyrirtæki í allmörg ár úti á landi og hefði þar marga nemendur á samningi. Í því plássi var ekki neinn skóli, þannig að nemendur voru sendir í lðnskóla, sumir til Akureyrar og aðrir til Reykjavíkur. Ég man ekki eftir einum einasta sem lauk þarna námi. Þeir luku allir námi, en einhvers staðar annars staðar og fluttust burtu fyrir fullt og allt. Það er töluvert mikið hagsmunamál fyrir byggðarlagið að unglingarnir sem eru þar í skólum rótfestist þar, því að það fólk sem hefur fengið sér einhvers konar menntun er nú eitt sinn lyftistöng byggðarlaganna. Hitt er svo annað mál að það verður að skipuleggja þetta nám þannig að það verði ekki eins erfið að veita það og menn vilja vera láta, og þegar verið er með einingakerfi er hægt að koma töluverðu af þessu í gegn í heimabyggð en hægt að taka hinar sérhæfðu einingar annars staðar, og þá á námskeiðum; ekki svo að menn eigi að vera við nám heila önn eða lengur annars staðar, heldur fari þeir og sækji þessar sérhæfðu einingar í öðrum skólum. Það er ekkert þrekvirkni að skipuleggja þetta. Sú spurning vaknar hvort eigi að sérhæfa þessa skóla mjög mikið. Vissulega verður alltaf þörf fyrir einhverja sérhæfingu verður að ræða en ég held að hún gerist af sjálfu sér þar sem þörf er á.

Varðandi samræmd próf; það er talað um að gera lðnskólann í Reykjavík að þróunarskóla en það er það sama og að koma á samræmdum prófum um allt. Ég held það sé óskynsamlegt að binda prófin í of mikla fjötra. Það á að reyna að tryggja að stofnanir hafi eitthvert frumkvæði til þess að byggja upp og

skapa. Það er víða til áhugasamt fólk í landinu og það á umfram allt ekki að setja upp kerfi sem bindur hendur þess til að hafa frumkvæði til góðra verka. Og ég hafna því alveg að hvergi geti orðið gott verk nema í lðnskólanum í Reykjavík. Það getur ekki síður orðið hvar sem er annars staðar. Ég held þetta séu einokunar- og miðstýringarhugsjónir sem eru þarna á ferðinni þegar menn eru að tala um þetta. Hitt er svo annað mál að ég tel að skólar eigi að þróa og eigi að gera það á sérhverjum stað í samvinnu við atvinnulífið og þarfir þess það á að gefa þeim olnbogarými og svara þessum þörfum. Sú hugmynd að samræmt sveinspróf sé einhver gæðatrygging á mennun manna held ég að sé vafasöm hugsun í ákaflega þröngum hring. Ég viðurkenni það hins vegar að þetta er töluvert mismunandi milli starfsgreina. En ég held að samræmd sveinspróf geti orðið dragbítur sem haldi niðri þróun og menntun. Ég vara við að innleiða og kannski þvinga upp á stéttir sem kæra sig ekki um það. Hins vegar á að vanda sveinspróf og setja reglur um lágmarkskröfur. Í sumum greinum eins og t. d. málmíðnaði eru sveinspróf fyrir neðan allar hellur. Það þarf að gera mun meiri kröfur til þeirra. Ég tel að próf sem er upp á einn dag sé ekki próf í raun og veru til að sýna kunnáttuna nægilega.

Jón: Mig langar til að taka undir flest sem Steinar hefur sagt. Flest. Alveg sérstaklega er ég á móti ríkisskólum, og mín reynsla af afskiptum sveitarfélaga er mjög góð. Þau hafa í öllum greinum lagt meira fram en þeim ber skylda til á móti ríkinu. Ég held það yrði kyrringur í skólastarfi út um allt land ef þetta færi á hendur ríkinu. Á sama hátt er ég líka á móti allt of mikilli samræmingu. Leiðbeinandi samræming er góð en hún má ekki vera of víðtæk. Þess vegna tek ég mjög undir orð Ingvars í þessu sambandi. En ástæðan fyrir því að við erum alltaf að fara meira og meira út í stífa samræmingu og þvingaða er sú að við leitum yfirleitt fanga á Norðurlöndum þar sem þessi þróun er. Nú er það svo að við erum útkjálkaþjóð, og þess vegna finnst mér sú stefna í menntamálum röng, að leita alltaf til annarra útkjálkaþjóða eins og Norðurlanda um fyrirmyndir. Ég er því sammála þessum viðhorfum sem þarna hafa komið fram. En engu að síður er ég á því að í sumum

Stjórn S.I.I. á fundi í mars 1983. Frá vinstri: Aðalgeir Pálsson IA 1. varam., Guðm. Hjalmarsson IH 3. varam., Ingvar Ásmundsson IR form., Pálmar Ólason FB, Gerður Óskarsdóttir Neskaupstað 2. varam., Teitur Þorleifsson framkv. stj. StÍ, Heimir Pálsson, Þórarinn B. Gunnarsson framkv. stj. lðnskólaútgáfunnar.



greinum elgi lönskólinn í Reykjavík að vera landskóli eins og hann er. En ég þarf ekki að úttala mig um þau sjónarmið um verkaskiptingu iðnfærðsluskóla vegna þess að ég stóð að því nefndaráli sem Örn vitnaði í og er því algerlega samþykktur.

Ingvar: Ég verð að byrja á að gera athugasemd við það sem Steinar sagði í upphafi. Ég var ekki að heimta nein forréttindi — og gat ekki heldur heyrt það á máli Þuríðar að hún væri að því — handa lönskólanum í Reykjavík. Við erum ekki heldur með neinar einokunarhugsjónir og það er ekki heldur okkar skoðun að það sé ekki hægt að vinna nein góð verk annars staðar en í lönskólanum í Reykjavík. Þetta má ganga úr skugga um með því að lesa það sem ég sagði áðan.

Að öðru leyti var ég mjög sammála því sem Steinar sagði. Ég held að of mikil samræming á kennslu og of mikil samræmd fyrirmæli séu af hinu illa. Skólarnir þurfa mikið sjálfraði, en þeir þurfa á að halda samræmdri góðri þjónustu. Ég held við eigum að gera kröfu til þess til iðnfærðsluráðs og til menntamálaráðuneytisins að þessir aðilar sjái okkur fyrir góðri samræmdri þjónustu en sleppi of miklum samræmdum fyrirmælum.

Ég vil aðeins drepa á samræmdu sveinsprófin og skólaprófin. Mér finnst bera nokkuð á því að það sé verið að prófa það sama tvisvar. Þetta eru dýr próf, ekki bara fyrir almenning sem borgar kostnaðinn, heldur líka fyrir nemendur. Ég held það væri æskilegt að athuga hvort ekki væri hægt að gera þetta á einfaldari hátt og losna við tvíverknað. Ég ætla ekki að úttala mig um þetta núna, en ég veit að þess eru dæmi að sveinsprófin ganga miklu skemmra en skólaprófin. Þetta er sjálfsagt með ýmsu móti eins og Steinar sagði, en ég vil bara leggja áherslu á það hér að þetta atriði verði skoðað.

Óskar: Ég ætla að minna menn á það að Ísland er ekki meira en ein sýsla í þessum stóru löndum. Þar er venjulega eitt yfirvald sem sér um þetta. Það að láta þúsund blóm blómstra hvert í sína áttina er kannski ekki það sem er rétt og praktískt hér. Og við verðum að spyrja sjálfa okkur líka hvað kostar þessi blómagarður, þegar hver og einn fer að gera „his own thing in his own way“. Ég vil koma þarna að einum hlut sem er: hver er það sem dæmir um þetta;

hvað er þetta mikill geðþótti og hvað er þetta mikið samráð við atvinnulífið? Í sambandi við samræmingu kennslu held ég við gleymum oft einstaklingnum í sambandi við menntunina, garminum honum Katli, nemandaræflinum sem allt lendir á. Það er ekkert gaman fyrir nemanda að fara inn í skóla og verja þar einni önn, tveim önnum eða þrem önnum og koma svo í lönskólann og lenda þá í því vegna misjafnra leiðbeininga að hafa annað hvort eytt meiri tíma í þeim skóla sem hann er að koma úr en hann þurfti að gera eða fá ekki nám sitt viðurkennt, eins og hefur komið fyrir. Þetta er það sem um er að ræða. Samræmingin er fyrir nemendur, til þess að þeir geti gert það sem rétt er. Það er sá grundvöllur sem á að liggja að samræmingunni, að nemandi sem er á ákveðinni braut og verður eðli málsins vegna, eins og Steinar kom inn á, að taka kannski fyrst almennar greinar heima í héraði og færa sig síðan þrep af þrepi milli eins til tveggja skóla verður að vera öruggur á því að hann sé á réttari leið. Þetta er grundvöllurinn að samræmingarstarfi í sambandi við skólastjórn og kennslustjórn.

Við ræðum hér um samræmd sveinspróf. Ég er sammála því að það er enginn vandi að samræma sveinspróf niður í einn hnút og láta engar framfarir koma fram. Við getum ekki farið út í að samræma sveinspróf nema við fáum stuðning erlendis frá þar sem við getum stuðst við stofnanir sem endurnýja sveinsprófin á hverju einasta ári. Þá má ekki gleyma þeirri hefð sem heitir sjálfraði stéttanna, þar með sú menntun sem þær ákveða að skuli vera bundin til sveinsprófs og jafnvel til meistaraþrófs. Iðnfærðsluráð er ekki annað en þjónustu- og samræmingaráðili í grófum dráttum eftir því sem hægt er. Það er ekki hægt fyrir iðnfærðsluráð að setja einni stétt stólinn fyrir dyrnar og segja: þetta á að vera innihaldið í þinni kennslu. Það er hvorki til kunnáttu né yfirsýn til þess. Samræmingin verður að koma frá stéttunum og kröfum stéttanna um samræmingu. Ef stétt í viðkomandi iðngrein vill hafa þann fjölbreytileika að nemandi á einu horni landsins læri allt annað en nemandi sem er á hinu horninu þá verður hún að fá að ráða því. En eðli málsins samkvæmt er ætlast til að nemandi á einu horni landsins læri það sam og nem-

greiða verknámskennurum laun eftir sömu reglum og bóknámskennurum í öldungadeildum framhaldsskóla".

Visað var til stjórnar S.I.I. tillögu frá Þuríði Magnúsdóttur „að sambandið beiti sér fyrir ráðstefnu um framtíð iðnmenntunar“.

Fundinum lauk rétt fyrir klukkan 17.00.

Aðalfundur S.I.I. 1982

Aðalfundur S.I.I. 1982 var haldinn í lönskólanum á Akureyri 25. sept. og hófst kl. 11.00 f.h. Mættir voru 40 fulltrúar frá 11 skólum auk nokkurra áheyrnarfulltrúa og gesta.

Formaður sambandsins Ingvar Ásmundsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Aðalgeir Pálsson og Jón Fr. Hjartarson fluttu stutt erindi um sögu iðnfærðslunnar á Norðurlandi og Aðalgeir skýrði frá stofnun verkmenntaskóla á Akureyri og rakti byggingarsögu hans.

Um hádegisbilið skoðuðu menn nýbyggingu verkmenntaskólans og þágu hádegisverðarboð bæjarstjórnar Akureyrar — á Hótel KEA.

Fundur hófst að nýju kl. 14.40 og voru þá kjörnir embættismenn fundarins. Fundarstjórnar: Aðalgeir Pálsson og Jón Böðvarsson. Fundaritarar: Öttar Einarsson og Þórarinn B. Gunnarsson.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

Ingvar Ásmundsson form. sambandsins flutti skýrslu stjórnar og kom þar fram m.a. eftirfarandi:

- Stjórnin sendi menntamálaráðherra bréf og benti á ósamræmi í fyrirmælum iðnfærðsluráðs og ráðuneytis um kennsluviknaðfjölda í iðnfærðsluskólum og krafðist þess að fyrirmæli ráðuneytis og iðnfærðsluráðs yrðu samræmd.
- Stjórnin ræddi áfangalýsingar í faggreinum og nauðsynina á samræmingu þeirra og mark-

vissari stjórn í gerð námskráa. Ályktun var gerð um málið.

- Undirritað var samkomulag við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um afnot af Rb-blöðum.
- Rætt var ítarlega á nokkrum fundum — nauðsyn þess að framkvæmdanefnd meistaranáms næði samkomulagi um samræmt námsefni meistaranáms og sams konar skirteini veiti réttindi á öllum stöðum jafnt — hvar sem er á landinu. „Samræmingarnefnd“ fékk málið til meðferðar og leysti það á farsælan hátt.
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla sem enn einu sinni lá fyrir alþingi var sent stjórninni til umsagnar og ályktaði hún um málið og sendi menntamálaráðherra í bréfi.
- Stjórnin fjallaði um hugsanlegar breytingar á iðnfærðslulögunum — einnig um verkaskiptingu iðnfærðsluskóla þar sem hún samþykkti álit nefndar sem vann að málinu á vegum iðnfærðsluráðs.
- Stjórnin lýsti ánægju sinni með niðurstöður starfshóps sem unnið hefur að samræmingu íslensku kennslu í framhaldsskólum á fyrsta námsári.
- Stjórnin samþykkti tillögu framkvæmdastjóra iðnfærðsluráðs að S.I.I. tilnefndi tvo fulltrúa í starfshóp fyrir hverja námsbraut iðnfærðslunnar til að semja áfangalýsingar fyrir námsbrautina og eru nú þegar tíu starfshópar við jafn margar iðngreinar teknir til starfa.
- Stjórnin ræddi um styttingarreglur og starfsþjálfunartíma verknámsnema, frumvarp til laga um fullorðinsfærðslu, Færðslumiðstöð iðnaðarins o.fl.
- Í mars (82) fóru utan til Hannover — þeir Ingvar Ásmundsson og Ólafur Ásgeirsson — á námsgagnasýningu. Stjórnin fól þeim sérstaklega að kynna sér tölvumál.
- Fyrri hluta júní-mánaðar sendi stjórn S.I.I. menntamálaráðuneytinu beiðni um styrkveitingu til eflingar lönskólaútg. — en ekki er búist við miklum árangri þar.
10. júní (82) kom til starfa hjá S.I.I. Teitur Þorleifsson. Hefur hann verið ráðinn í hálfv starf fram-

Aðalfundur S.I.Í. 1981

Aðalfundur S.I.Í. 1981 var haldinn 10. okt. í Iðnskólanum í Hafnarfirði og hófst kl. 14. — Mættir voru 30 fulltrúar frá 10 skólum auk nokkurra áheyrnarfulltrúa. Pálmar Ólason setti fundinn í fjarveru formanns S.I.Í. Ingvars Ásmundssonar og bauð fundarmenn velkomna. Fundarstjóri var kjörinn Steinar Steinson og fundarritari Guðmundur Hjálmarsson og til vara Hallgrímur Guðmundsson. Þetta gerðist á fundinum:

1. Skýrsla stjórnar,

flutt af ritara stjórnar S.I.Í. Jóni Böðvarssyni. Stjórnin fjallaði um mörg málefni tengd iðnfræðslunni.

Unnið var að því að koma á jöfnu mati bóklegs og verklegs náms. Haustið 1980 hófst meistaranám við marga iðnfræðsluskóla. Ýmis vandkvæði komu fljótlega í ljós við framkvæmd námsins. Stjórn S.I.Í. lagði fram tillögu til lausnar vandans.

Stjórnin ritaði menntamálaráðherra bréf þar sem þess var farið á leit að skipaður verði starfshópur, er felli í eina h eild skipulag iðnnáms, meistaranáms og eftirmenntunar iðnaðarmanna. Ekkert svar hefur borist við þessari málaleitan.

Reynt var að koma á samstarfi milli stjórnar S.I.Í. og fræðslunefnda iðngreina. Sendir voru menn á skólatækjasýningu í Sviss og Svíþjóð. Endurskoðaður var útgáfusamningur Iðnskólaútgáfunnar og iðnfræðsluráðs. Mikla vinnu lagði stjórnin í að ræða nýsetta reglugerð um iðnfræðslu.

2. Ólafur Ásgeirsson,

formaður útgáfustjórnar flutti skýrslu Iðnskólaútgáfunnar. Haldnir voru sautján fundir á starfsárinu. Meginverkefni útgáfunnar er að gefa út kennslubækur. Á árinu var fjallað um 11 nýja bókatiðla. Nýjar prentvélar í prentdeild Iðnskólans í Reykjavík styrktu mjög stöðu útgáfunnar. Slæm lausafjarstaða og miklar vörubirgðir hefðu þó valdið útgáfunni nokkrum örðugleikum. Sótt var um styrk fyrir útgáfuna til menntamálaráðuneytis og reynt að komast inn á lárlög — en um árangur væri ekki vítað á þessu stigi nálsins.

3. Reikningar Iðnskólaútgáfunnar og S.I.Í. Þórarinn B. Gunnarsson framkv.stjóri S.I.Í. las upp og skýrði reikningana. Reksturinn gekk allvel þótt rekstrarfjárskortur gerði hann örðugri en ella. Tekjuafgangur útgáfunnar nam tæpum 358 þús. kr. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Skýrsla ritnefndar:

Á árunum 1981—82 komu út þrjú „Fréttabréf“ og var hvert þeirra tileinkað einhverju sérsviði iðnfræðslunnar. Form. ritnefndar var Hallgrímur Guðmundsson.

5. Lagabreytingar.

Ólafur Ásgeirsson hafði framsögu í málinu en hann var formaður laganeftdar (millipinganeftdar). Fundurinn samþykkti ný lög fyrir sambandið og enn fremur reglugerð fyrir Iðnskólaútgáfuna.

6. Skólagjald fyrir skólaárið 1982—83.

Fundurinn samþykkti að skólagjald verði kr. 50.00 á bóknaðsönn fyrir hvern nemanda á iðn- og tæknibrautum.

7. Kosningar.

Kjörnir voru í stjórn sambandsins: Ingvar Ásmundsson formaður, og meðstjórnendur þeir Jón Böðvarsson og Pálmar Ólason. Varamenn: Guðmundur Hjálmarsson, Jón Fr. Hjartarson, Aðalgeir Pálsson.

Stjórn Iðnskólaútgáfu: Ólafur Ásgeirsson, Steinar Steinsson og Ágúst B. Karlsson. Varamenn: Ingólfur Halldórsson, Björgvin P. Jóhannsson, Hjörleifur Þórlindsson. Endurskoðendur: Hjalti Þorvaldsson, Guðmundur Jensson. Varamenn: Benedikt Bjarnason.

8. Önnur mál.

Samþykkt var tillaga frá Jóhannesi Einarssyni og Guðmundi Sveinssyni „að varamenn skuli boða á alla stjórnarfundir, bæði í stjórn S.I.Í. og stjórn Iðnskólaútgáfu“.

Samþykkt var tillaga frá Guðmundi Sveinssyni að aðalfundur S.I.Í. „harmar að forráðamenn launaðildar fjármálaráðuneytisins skuli enn hika við að

andi á hinu horninu innan sömu starfsgreinar. Þetta er hinn hlutinn á samræmingarstarfinu.

Steinar: Ég veit að Óskar er sammála mér í því að þetta er mismunandi fyrir starfsgreinar. Það sem nemandi lærir á einu landshorninu ætti að vera það sama og hann lærir á öðru landshorninu. En þetta er ekki svo í öllum greinum. Það getur verið áherslumunur varðandi starfsgreinar. Það sem ég held sé um að ræða er að þekkingin sé svo vel grunduð að hún hafi yfirfærslugildi til þess að geta lærst yfir á önnur viðfangsefni sem koma fyrir í greininni. Það er ekki megin málið að unnið sé að einhverjum stöðluðum verkefnum.

Mig langar aðeins að koma inn á ummæli Jóns um að við séum útkálfkapjóðir á Norðurlöndum. Ég held við getum nú lært býsna mikið af þeim samt sem áður og ekki síst af þeim glappaskotum sem þeir gera. Ég hef iðulega setið fundi með þessum mönnum til að fjalla um þróunina í þessum málum, það eru að vísu ekki skólamenn, heldur atvinnulífsmenn sem eru framkvæmdastjórnir í fræðslu og skipulagningu. Og viðhorf okkar eru jafnan töluvert öðruvísi en skólamanna. Skólamenn hafa embættismannalegri hugmyndir. Þar sagði einn vinur minn nú í desember síðastliðnum, að það væri alveg stórkostlegt hvað þeim gæti dottið í hug í kennslumálaráðuneyti Danmerkur; þeir eru farnir að setja inn á Grænlandi það kerfi sem er notað í skólakerfinu í Danmörku og sem er útlokað að nota á Grænlandi. Hann sagði að þarna væri tekið upp sama iðnfræðslukerfið, þannig að mönnum væri smalað saman eins og gert er í Danmörku, og það gerist nákvæmlega það sama sem ég var að tala um hér áðan, að skólaólíkið bókstaflega hvarf af þeim stöðum sem um var að ræða. Þarna sagði hann að ætti auðvitað að vera meistarakerfi, það kæmi miklu betur út við þessar aðstæður. Við skulum ekki gleyma því að meistarakerfið er ekki slakt kerfi. Það er annað kerfi en í verknámsskólum, en það hefur þjónað sínum tilgangi mjög vel, og víðast hvar í dreifbýlinu held ég að við yrðum að halda uppi slíku kerfi til þess að þjálfar og verkmennta nemendur eins og við höfum gert um langan aldur. Ég held það væri misskilningur að ætla að skera þetta kerfi niður við trog. Þetta er nauðsyn fyrir ýmis byggðarlög í landinu; og í stóru

starfsgreinunum komumst við ekki hjá því, til dæmis í málmiðnum.

Purður: Ég vil skýra betur það sem ég sagði áðan um sérstöðu Iðnskólans í Reykjavík, hafi ég ekki skýrt það nógu vel þá. Ég tók einmitt fram í máli mínu áðan að margt jákvætt frumkvæði sem hefur komið fram frá fólki í þessu losaralega kerfi hafi ekki endilega komið frá Iðnskólanum í Reykjavík. Það er mjög fjarri því að ég haldi því fram. Annað hitt að með samræmdu sveinsprófi er ég ekki að tala um eitthvert eitt allsherjar staðlað próf sem sé samið og frágengið og gildi til eilífrar fyrir allt og alla, heldur hitt að prófkröfur séu samræmdar. Það hljóta að vera einhver stór göt í þessu kerfi þegar það gerist eins og kom fyrir í fyrra að það fellur hver einasti maður í einni grein eftir að búið er að fara yfir prófið og meta það til samræmis við það sem ætlast er til að gert sé í greininni. Þannig að ég held það sé allt í lagi þó að menn leiki ekki algerlega lausum hala í sambandi við próftökur.

Þær hugmyndir sem komu fram í tillögum verk- og tæknimenntaneftdar og ég talaði um áðan bentu greinilega til þess að menn væru á þeirri skoðun að því fyrr sem meistarakerfið væri þurrkað út því betra, en menn hafa nú séð að sér á þessu tímabili, enda langt í frá að það hafi verið þurrkað út. Menn einblína á það og halda því gjarna á lofti að þetta kerfi geri ekki annað en að kúga iðnnemann. En það sem er einmitt jákvætt við þessa menntun er að hún er eiginlega eini þátturinn í framhaldsskólakerfinu sem er í einhverjum raunverulegum tengslum við þjóðlífið. Á sama tíma og menn skamma meistarakerfið barma þeir sér yfir því hvað skólakerfið sé lokað, tengslalaust og nemendurnir þar af leiðandi firrtir í afstöðu sinni til þjóðfélagsins. Þetta á einmitt ekki við um meistarakerfið.

Vissulega er ástæða til að fylgjast með því hvernig menntun fer fram úti í meistarakerfinu, en það er áræðanlega ástæða til að rjúfa ekki þessi tengsl. Ég las fyrir skömmu grein með úttekt á þróun menntunarmála víðs vegar um Evrópu. Þar kom fram að Austurríkismenn telja það jákvæðasta og besta í sínu verkmenntakerfi, að þeir eru með næstum alla sína starfsmenntun úti í atvinnulífnum og að ekkert hafi stuðlað jafnvel að stöðugleika í efnahagslífinu.

Ennfremur hygg ég að full ástæða sé til að athuga þann kost að styrkja atvinnufyrirtækin til að mennta iðnaðarmenn og jafnvel aðra starfsmenn. Það gefur þá yfirvöldum menntamála meiri rétt en þau hafa til að fylgjast með hvernig þessi menntun fer fram.

Oskar: Við höfum rætt um verkaskiptingu skóla og einnig um það hvaða þjónustu minni skólar úti á landi veita. Nú er það svo að skólastarf, hvort sem það er starf lítilra skóla úti á landi eða starf skóla hér á höfuðborgarsvæðinu, stendur og fellur með því hvort hæfir kennarar standa til boða. Það er mikið vandamál fyrir skólastjórnendur að finna hæfa kennara í hverri grein, menn sem fást til að þjálfa sig til starfa við kennslu og staðnæmast við hana. Ég held að mörg af þeim vandamálum sem Steinar kom inn á, þ. e. með brottflutning nemenda af stað vegna náms, megi leysa með því að stofna til námskeiða, ef hægt er að draga saman einhvern ákveðinn hóp nemenda á einhverju ákveðnu tímabili, og með því að hafa í huga að kennarar eru færanlegir. Það er t. d. ekki bráðnauðsynlegt að færa fimm nemendur til Reykjavíkur ef hægt er að færa einn kennara til staðarins um einhvern ákveðin tíma. Þetta er mál sem ég held sé vel þess virði að kanna.

Sp.: Við höfum rætt dreifingu ákveðinna námsbrauta um landið. En í álitsgerðinni sem áður hefur verið vitnað til segir að ákveða þurfi hvar bóklegt og verklegt iðnnám skuli stundað; hvaða iðngreinar og hversu mikinn hluta námsins skuli heimilt að kenna við hvern iðnfræðsluskóla. Rétt þykir að fylgja þeirri megin stefnu að viðá sé stundað grunnnám á vrk-námsbrautum í mál-, raf- og tréiðnum. Framhaldsnám verði á fáum stöðum og háð ströngum skilyrðum. Ég vildi gjarnan heyra álít ykkar á þessu atriði.

Andrés: Ég vil fyrst ræða aðeins verkaskiptingu iðnfræðsluskóla og samræmingu námsins. Þegar breytingin var gerð við Vélaskólann 1966 var lengi búið að tala um að færa verklegu menntunina inn í skólana þ. e. a. s. smíðanám og iðnnám, og alltaf var beðið eftir að það byrjaði hér á Skólavörðuholtinu, en það dróst. Þá höfðu menn frekar á tilfinningunni að Iðnskólinn í Reykjavík væri eins konar móðurskóli. Við í Vélaskólanum lítum á okkur sem móðurskóla. Sama er um Tækniskólann að segja,

sem er með deildir úti á landi. Eftir þær breytingar sem voru gerðar nú síðast hjá okkur þegar áfangakerfið var tekið upp er engin ástæða til að við séum með öll iðnskólaöfgin og grunnskólaöfgin í sjömannaskólanum, í Iðnskólanum í Reykjavík, í Breiðholti, í Hafnarfirði. Þetta er auðvitað hægt að samræma eitthvað. En það er eitt sem hefur stoppað okkar af; við ætlum að útskrifa menn með mismunandi réttindi, þannig að þeir þurfa að fá einhverja snertingu af handverkinu þó að þeir læri ekki beint til sveinsprófs. Nú er hvert stig þannig útbúið að það komi að gagni ef menn ætla að halda áfram. Í sambandi við samræminguna sem talað var um áðan vil ég segja að ég er á móti henni. Við höfðum hér áður fyrr deild á Akureyri sem við fjarstýrðum frá Reykjavík; það reyndist ekki vel. Sama var með Vestmannaeyjar. Eftir að fjölbrautakerfið komst á urðu til vélstjórnarbrautir í Keflavík og á Akranesi. Þær hafa reynst ágætlega nema hvað nemendur skortir. Það er kannski mesti kosturinn við fyrirkomulagið eins og það er nú að menn geta tekið töluverðan hluta af náminu í heimabyggð sinni, byrjað þar á undirbúningi vélstjórnarnáms og tekið töluvert af áföngum sem svara til grunndeildar til dæmis. Ég álít það vera spor í rétta átt að staðla námið á þennan hátt, binda það í einingar. Ég held það sé útilokað að hafa samræmd próf. En við höfum alltaf sent deildunum úti á landi okkar próf til samanburðar og fengið þeirra próf í staðinn. Annar ávinningur er það að Vélaskólinn sem er mjög sérhæfur skóli tengist inn í framhaldsskólakerfið. Með því eykst einnig virðing verknámsins eins og hefur verið talað um hér áður.


Jón: Ég er að sjálfsögðu sammála þessari stefnu sem var vitnað til í spurningunni. Með áfangakerfi, sem er nauðsynlegt að hafa til að gerlegt sé að fylgja þeirri menntastefnu sem þar var lýst, tel ég að eigi að stefna að því að grunndeildirnar komi alltaf fyrst. Í grunndeildunum er helmingur námsins verkleg þjálfun og helmingurinn er bóklegar greinar. Þetta á að byggjast á námi sem menn hafa áður fengið á grunnskólastigi. Ég held það eigi að stefna að því að þetta verði sem víðast, eins og stendur í álitsgerðinni, og grunndeildarnám verði skilyrði þess að menn komist á samning. Þessu er búið að koma á í rafmagninu. Það er nauðsynlegt að grunnnámið sé

sem víðast og sérnámið á fáum stöðum vegna þess að við erum svo lítil eining; af þeim sökum er þetta eina leiðin sem við eigum til þess að geta haft þetta nám í lagi. Þá má gera það til þess að halda mönnum á sínum heimaslóðum, án þess ég sé hlýnnur átt-hagafjötri, að hafa þessi námskeið sem talað var um áðan og flytja kennarana til. Þar sem ekki er nægilegt að flytja kennarana til vegna nauðsynlegra tækja á að byggja námið upp eins og gert hefur verið núna undanfarin ár í Vélaskólanum í Reykjavík. Menn geta þá tekið bóklegu greinarnar og þær greinar sem ekki krefjast mikils tækjakosts í heimahéraði og sótt svo einstaka áfanga í einum skóla, eins og Vélaskólanum. Ég tel slíka samtengingu námsins og skóla-na æskilega.

Steinar: Ég lít á grunndeildir sem undirbúning undir starfsnám og sömuleiðis sem starfskynningu. Ég held menn verði að vara sig á að líta á grunndeildarnám sem eitthvert pottþétt nám sem tekur ákveðna stefnu inn í einhverja ákveðna grein. Það gerist að visu að einhverju leyti, en það er mikið atriði að þeir sem taka grunndeildir eigi mikið valfrelsi þegar þeir koma út úr þeim.

Annað sem ég vil nefna er að það er mismunandi hjá atvinnulífnum hverjir hafa gert það að skilyrði að nota grunndeildirnar. Þetta er að sjálfsögðu bundið því hvernig starfsgreinin lítur út. En ég get vel fallist á að menn taki þessa ákvörðun og það er sjálfsagt að örva menn til að taka hana, en mér finnst ekki ná neinni átt að gera þetta að almennu skilyrði. Enda viðurkenni ég ekki að skóli sé eini staðurinn sem menn geti menntast á.

Oskar: Ég vil láta þess getið hér að undanfarin ár hefur iðnfræðsluráð lagt iðnfræðsluskólunum til próf í grunnteikningu. Þetta hefur að líkindum verið tal-svert samræmingaratriði. Þessi próf hafa verið unnin af kennurum sem hafa valist hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og verið dreift til skólanna sem þess óska með leiðbeiningum og öðru. Við leggjum ekki áherslu á að fá prófin inn aftur, heldur látum hverjum skóla eftir að dæma sín próf. Þetta er þjónusta sem byggir á að prófin séu byggð upp á námsmarkmiðum, og síðan verður hver og einn að velja og hafna hvort hann vill taka þetta eða ekki;



Um mitt árið 1982 réð stjórn S.I.I. Teit Þorleifsson sem sérstakan framkvæmdastjóra félagsmála með það í huga að efla félagslega stöðu sambandsins. Teitur hefur starfað að félagsmálum kennara um árabil og hefur öðlast viðtæka reynslu í þeim málum og er fengur að fá hann til að starfa að félagsmálum sambandsins.

óve

þetta er engin skylda, en mér sýnist þetta festast í sessi, því meira sem menn nota þetta.

Þetta er kannski sú aðferðin sem er hvað þægilegust í sambandi við samræmingu, að leggja mönnum til einhvern ramma þar sem valdir fagkennarar standa að verki.